



Bæjarstjórn Garðabæjar 9. (868)/2020

Boðað er til 9. (868). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 4. júní 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2005133 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.
2. 2005132 - Kosning fimm fulltrúa í bæjarráð til eins árs.
3. 2005136 - Kosning eins aðalmanns og varamanns í stjórn Strætó bs.
4. 2005135 - Kosning eins aðalmanns og varamanns í stjórn Sorpu bs.
5. 2005134 - Kosning fullrúa í kjörstjórn Garðabæjar.
6. 2005340 - Kosning fulltrúa í undirskjörstjórnir.
7. 2006025 - Kosning fulltrúa í fastanefndir.
8. 2005010F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/5 '20.
9. 2005020F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/5 '20.
2005197 - Erindi Rjúpnavalla ehf. varðandi forkaupsrétt við sölu á fiskiskipi.
10. 2005030F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/5 '20.
11. 2005043F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/6 '20.
1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Viðaukar 1-4.

1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - Vífilsstaðaland.

1910293 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vetrarmýri.

1906192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir norðurhluta Hnoðrahólts.

1910294 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Rjúpnadal.

1710301 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulag Arnarness vegna lóðarinnar við Haukanes 15.



- 2003086 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Lyngmóum 3.
- 1903374 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis á norðurnesi Álftaness.
- 1803108 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir norðurnes Álftaness.
- 2005345 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju götuheiti á Grundum.
- 2005346 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir vatns- og raflögn að skátaskála í Heiðmörk.
- 2005047 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um ljósaskjá að Litlatúni 1.
- 2003254 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Fluguvöllum 4.
- 2005165 - Afgreiðsla íþróttá- og tómstundaráðs varðandi tillögu um ráðstöfun 19. júní sjóðs.
- 1908023 - Viðauki við samning um uppbyggingu íbúðarbyggðar við Eskiás.
12. 2005009F - Fundargerð leikskólanefndar frá 27/5 '20.
13. 2005013F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 14/5 '20.
14. 2005019F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 19/5 '20.
15. 2005007F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 12/5 '20.
16. 2005038F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 28/5 '20.
17. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/5 '20.
18. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 18/5 '20.
19. 2001425 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 30/4 og 8/5 '20.
20. 2003480 - Fundargerð 23. eigendafundar Strætó bs. frá 25/5 '20.
21. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 27/4, 4/5 og 18/5 '20.
22. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 8/5 '20.
23. 1907114 - Gjaldskrá fyrir akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ.
24. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Lántaka.
25. 2006021 - Tillaga Garðabæjarlistans um bætt öryggi fyrir gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarendur.



26. 2006022 - Tillaga Garðabæjarlistans um endurskoðun fjölda fastanefnda, annarra nefnda, stjórna og ráða sem bærinn á aðild að.
27. 2006024 - Tillaga um hækkun hvatapeninga.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
8. (867). fundur 2020

Fimmtudaginn 7. maí 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Guðfinnur Sigurvinsson, Almar Guðmundsson, Björg Fengel, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson,, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 16. apríl 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2004020F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/4 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 18. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup 2019 og spurði hvenær fyrirhugað væri að endurskoða fjárhagsáætlun ársins.

Gunnar Einarsson, ræddi sama mál og svaraði fyrirspurn.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 9. tl., opnun tilboða í framkvæmdir við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.

Gunnar Einarsson, ræddi 9. tl., opnun tilboða í framkvæmdir við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til fjármála- og efnahagsráðherra varðandi stuðning við sveitarfélögin, 9. tl., opnun tilboða í framkvæmdir við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi 10. tl., opnun tilboða í endurnýjun á íþróttagólfi í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi og 15. tl., yfirlýsingu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samstarf við rekstur vatns og fráveitu.

Fundargerðin sem er 18 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2004026F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/4 '20.

Ingvar Arnarson ræddi 10. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um nýtingu úrræða vegna Covid19.

Gunnar Einarsson, ræddi 10. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um nýtingu úrræða vegna Covid19 og 8. tl., úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., tilkynningu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi margvíslegar aðgerðir til að styðja sveitarfélög.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., tilkynningu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi margvíslegar aðgerðir til að styðja sveitarfélög.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., tilkynningu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi margvíslegar aðgerðir til að styðja sveitarfélög og 2. tl., aðgerðaráætlun sviða vegna úttekta á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., tilkynningu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi margvíslegar aðgerðir til að styðja sveitarfélög.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., tilkynningu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi margvíslegar aðgerðir til að styðja sveitarfélög.

Björg Fenger, ræddi 3. tl., tilkynningu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi margvíslegar aðgerðir til að styðja sveitarfélög.

Fundargerðin sem er 10 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2004035F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/5 '20.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., sumarstörf ungmenna 2020.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., sumarstörf ungmenna 2020 og 23. tl., bréf Brynju Hússjóðs varðandi umsókn um stofnframlag vegna ársins 2020.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 15. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts og 16. tl. – 20 tl., afgreiðslur skipulagsnefndar varðandi breytingar á ákvæðum skilmála um skjólveggi.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., sumarstörf ungmenna 2020 og sagði nánar frá undirbúningi umsóknar til Vinnumálastofnunar um fjárveitingu til nýrra skapandi sumarstarfa fyrir ungt fólk.

Almar Guðmundsson, ræddi 23. tl., bréf Brynju Hússjóðs varðandi umsókn um stofnframlag vegna ársins 2020.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., sumarstörf ungmenna 2020.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 23. tl., bréf Brynju Hússjóðs varðandi umsókn um stofnframlag vegna ársins 2020.

Gunnar Einarsson, ræddi, 23. tl., bréf Brynju Hússjóðs varðandi umsókn um stofnframlag vegna ársins 2020.

Afgreiðsla mála

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Molduhrauns í tilefni umsóknar um stækkun á lóðinni við Austurhraun 9 og breytingar á göngustíg milli lóðanna við Austurhraun 7 og 9, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum við Miðhraun, Austurhraun og Vesturhraun. (Mál nr. 2004161)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Sjálands í tilefni að tillögu um breytingu á svæði sparkvallar sem verður þá skilgreint sem leiksvæði, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum íbúða við Löngulínu 13, 15, 17, 19, 21, 23, 27 og 29 og Vesturbrú 1. (Mál nr. 2004418)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um brottfall deiliskipulags Viðskiptastrætis Urriðaholts en tillaga er um að svæðið verði hluti af deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts. (Mál nr. 1912215)

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á deiliskipulagsmörkum. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breytingin skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 1912213)

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á deiliskipulagsmörkum. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breytingin skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 1912214)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir en umsagnir gefa tilefni að leggja til eftirfarandi breytingu á auglýstri tillögu. Lóðar og byggingarreitur Urriðaholtsstrætis 1 breytir um stærð og lögun til að lóðin verði utan marka fólksvangsins í Vífilsstaðahrauni. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. (Mál nr. 1811125)

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 1912216)

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 1912217)

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 1912218)

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 1912219)

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 1912220)

Fundargerðin sem er 26 tl. er samþykkt samhljóða.

4. 2004030F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 29/4 '20.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., lóð fyrir búsetukjarna. Almar sagði frá umræðu á fundinum um stöðu mála á tímum Covid19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., lóð fyrir búsetukjarna.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2004022F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/4 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., starfsemi safna á tímum Covid19, 5. tl., menningaruppskeruhátíð, 6. tl., val á bæjarlistamanni Garðabæjar 2020, 7. tl., hvatningasjóð ungra listamanna og 10. tl., verkefni menningar- safnanefndar og stöðu viðburða á árinu.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2004032F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/4 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 10. tl., deiliskipulag Vetrarmýrar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 10. tl., deiliskipulag Vetrarmýrar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 10. tl., deiliskipulag Vetrarmýrar.

Ingvar Arnarsson, ræddi 10. tl., ræddi deiliskipulag Vetrarmýrar, 20. tl., stofnleiðir hjólreiða, 21.1 tl., skipulag við Hraunhóla.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 20. tl., stofnleiðir hjólreiða.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 10. tl., deiliskipulag Vetrarmýrar og 11. tl., deiliskipulag norðurhluta Hnoðrahólts.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 20. tl., stofnleiðir hjólreiða.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 20. tl., stofnleiðir hjólreiða.

Sara Dögg Svanhildardóttir, 20. tl. stofnleiðir hjólreiða.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2004021F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla Garðabæjar frá 21/4 '20.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., starfsemi grunnskólanna á tímum Covid19. Sigríður Hulda kom á framfæri þakklæti til starfsmanna skólanna og skólastjórnenda fyrir þeirra mikilvægu störf á erfiðum tímum. Þá ræddi Sigríður Hulda, 2. tl., þróunarsjóð grunnskóla.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., starfsemi grunnskólanna á tímum Covid19 og 2. tl., þróunarsjóð grunnskóla.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2001009F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 14/1 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., úttekt á húsnæði safnsins.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., úttekt á húsnæði safnsins.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., úttekt á húsnæði safnsins.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., úttekt á húsnæði safnsins.

Fundargerðin lögð fram.

9. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/4 '20.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH nr. 485-494 frá 13/3 - 17/4 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi sóknaráætlun 2020-2024 og stjórnarsýslu byggðasamlaganna.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., fg. frá 13/3, stöðu mála varðandi gerð nýrra kjarasamninga.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., fg. 7/4, sóknaráætlun 2020-2024 og 1. tl., fg. frá 17/4, stjórnarsýslu byggðasamlaganna.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., fg. frá 17/4, stjórnarsýslu byggðasamlaganna.

Fundargerðirnar lagðar fram.

11. 2003017 - Fundargerð 22. eigendafundar Sorpu bs. frá 6/4 '20.

Fundargerðin lögð fram.

12. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 20/4 '20.

Fundargerðin lögð fram.

13. 2001425 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 22/3 '20, 3/4 '20 og 17/4 '20.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., allra fg., stöðumat vegna Covid19, 4. tl., fg. frá 17/4, greiðslukerfið, 2. tl., fg. frá 17/4, gjaldskrárstefnu, 3. tl., fg. frá 17/4, stefnumótun Strætó, 3. tl., fg. frá 3/4, áhættustýringu og 4. tl. fg. frá 17/4 ábendingar úr gæðakerfi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl. fg. frá 3/4. leiðarkerfismál.

Ingvar Arnarson 2. tl. fg. 22/3 niðurstöður á rekstrakostnaði nýrra metanvagna hjá Strætó.

Björg Fenger, ræddi 2. tl. fg. frá 3/4 leiðarkerfismál 2. tl. fg. 22/3 niðurstöður á rekstrakostnaði nýrra metanvagna hjá Strætó og svaraði fyrirspurnum.

Fundargerðirnar lagðar fram.

14. 2005054 - Tillaga um sérstaka eftirfylgni með hagsmunum barna og ungmenna í áhættuhópum.

Almar Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu sem hann flytur ásamt bæjarfulltrúnum Hörpu Þorsteinsdóttur, Söru Dögg Svanhildardóttur og Sigríði Huldu Jónsdóttur.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að settur verði á fót tímabundinn starfshópur embættismanna, þvert á svið bæjarins, sem tryggir eftirfylgni með stöðu barna við breyttar þjóðfélagsaðstæður. Markmið hópsins er að fylgja eftir málefnum barna sem talist geta í áhættuhópum eða viðkvæmri stöðu og tryggja að starf bæjarfélagsins gagnvart hagsmunum þeirra sé markvisst og samstillt. Þessi vinna tengist

áherslum Garðabæjar sem heilsuefandi samfélags og innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í Garðabæ.

Sviðsstjórum fjölskyldusviðs og fræðslu- og menningarsviðs verði falið að leiða starf hópsins. Skóla- og félagsmálayfirvöld vinni þannig saman að því að skilgreina og bregðast við stöðu barna sem hugsanlega búa við erfiðar aðstæður í samvinnu við skólastjórnendur, stjórnendur vinnuskóla og frístundastarfs og frjáls félög sem starfa með börnum. Áhersla verði lögð að meta þarfir barna og ungmenna sem standa höllum fæti í kjölfar COVID-19 þar sem áhersla verður lögð á snemmtæka íhlutun og stuðning ásamt því að tryggja eftirfylgni inn í komandi skólaár haustið 2020. Bæjarráði, skólanefnd grunnskóla og fjölskylduráði verði gerð reglulega grein fyrir stöðu mála og vinnu hópsins.“

Greinargerð.

Garðabær nýtir margs konar úrræði til að mæta stöðu barna og ungmenna sem eru í viðkvæmri stöðu og fjölskyldna þeirra. Má þar nefna m.a. ýmiskonar afslætti og fjárhagsaðstoð. Afleiðingar COVID-19 faraldursins á stöðu barna og fjölskyldna geta verið alvarlegar og á það sérstaklega við um börn sem tilheyra áhættuhópi eða eru í viðkvæmri stöðu. Garðabær hefur þegar brugðist við ástandinu með aðgerðum sem samþykktar voru í bæjarráði 31. mars. Tillögu þessari er ætlað að styðja enn frekar við þær aðgerðir með því að tryggja að allir þeir starfsmenn bæjarins sem hafa snertifleti við börn í viðkvæmri stöðu vinni á samræmdan hátt og í samvinnu að því að bæta stöðu þeirra og líðan. Þannig sé lögð áhersla á sveigjanleika, stuðning, faglega- og einstaklingsmiðaða nálgun með það að markmiði að barnið njóti öryggis og ásættanlegra lífsgæða.

Annað markmið tillögunnar er að tryggja góða yfirsýn á stöðuna þannig að hægt sé að bregðast við með viðeigandi lausnum á skjótan og öruggan hátt ef þörf þykir. Með því verði lagður góður grunnur fyrir komandi skólaár þar sem búast má við að skólahald verði með óhefðbundnu sniði og huga þarf að nemendum sem glíma við félags- eða námserfiðleika.

Verkefnið verði unnið í samvinnu við frjáls félög í bæjarfélaginu sem vinna með börnum og aðilum sem vinna að velferð barna og fjölskyldna þeirra. Sviðsstjórar fjölskyldusviðs og fræðslu- og menningarsviðs beri ábyrgð á verkefninu sem fellur m.a. að verkefninu Velferð barna í Garðabæ og áherslum sem lúta að Heilsuefandi samfélagi og innleiðingu heimsmarkmiða.

Tillögunni er ekki síst ætlað að stuðla að meira samstarfi milli fjölskyldusviðs, þ.á.m., barnaverndar annars vegar og Vinnuskólans/frístundastarfs í sumar þar sem börn og ungmenni gætu þurft meiri stuðning en áður. Tryggja þarf meiri yfirsýn yfir hópamyndanir unglinga í samstarfi við fulltrúa félagsmiðstöðva, forvarnarfulltrúa og starfsmanna barnaverndar og skilvirkari söfnun og greiningu á upplýsingum varðandi mætingu, hag og líðan barna og ungmenna á næstu vikum og mánuðum. Þá er mikilvægt að þau svið sem leiða starfshópinn taki á samstilltan hátt á velferð ungmenna við skólabyrjun á komandi hausti 2020.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls.

Guðfinnur Sigurvinnsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framkomna tillögu.

15. 2005059 - Tillaga Garðabæjarlistans um verklagsreglur fyrir athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að unnar verði verklagsreglur fyrir athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk þar sem athugasemdir og kvartanir eru skráðar formlega sem og úrvinnsla þeirra. Einnig samþykkir bæjarstjórn að verklag þetta verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins gardabaer.is „

Greinargerð.

Skýrar verklagsreglur eru mikilvægt lýðræðislegt tæki. Skýrar og formlegar verklagsreglur er varða athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk eru mjög mikilvægar fyrir þá einstaklinga sem nýta þjónustuna til að tryggja að unnið sé skilmerkilega úr athugasemdum og formleg svör séu skráð. Skýrar verklagsreglur eru ekki síður mjög mikilvægar fyrir stjórnsýsluna. Við í Garðabæjarlistanum tölum fyrir agaðri og faglegri stjórnsýslu og leggjum því fram þessa tillögu þar sem ekkert formlegt verklag er fyrir hendi er varðar kvartanir eða athugasemdir er varða þjónustu við fatlað fólk.

Gunnar Einarsson, tók til máls og lagði til að tillögunni verði vísað til bæjarráðs.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarfulltrúar koma saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Tillaga Garðabæjarlistans um tilnefningar í nefndir og ráð á vegum bæjarstjórnar.

Í fjölskyldunefnd

tekur sæti aðalfulltrúa Harpa Þorsteinsdóttir og til vara Árni Björn Kristjánsson

Í íþrótt- og tómstundaráð

tekur sæti aðalfulltrúa Guðjón Pétur Lýðsson og til vara Hannes Ingi Geirsson

Í skipulagsnefnd

tekur sæti varafulltrúa Ingvar Arnarson

Í menninga- og safnanefnd

tekur sæti annars varafulltrúa Valborg Ösp Warén

Í skólanefnd

tekur sæti varafulltrúa Emil Harðarson

Forseta bæjarstjórnar

Garðabæjarlistinn tilnefnir Ingvar Arnarson sem forseta bæjarstjórnar og til vara varaforseta

Stjórn Sorpu

Garðabæjarlistinn tilnefnir Söru Dögg Svanhildardóttur í stjórn Sorpu

Bæjarráð Garðabæjar

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu um að Garðabæjarlistinn eigi tvo fulltrúa í bæjarráði og til vara að Garðabæjarlistinn eigi einn aðalfulltrúa og annan áheyrnafulltrúa. Fulltrúar Garðabæjarlistans verða Ingvar Arnarson og Sara Dögg Svanhildardóttir. Ef engin breyting verður á fjölda fulltrúa í bæjarráði tilnefnir Garðabæjarlistinn Ingvar Arnarson.

Bæjarráð Garðabæjar
18. (1926). fundur 2020

Þriðjudaginn 12. maí 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fjárfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2003449 - Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Bæjarstjóri sagði frá því að upplýsingahópur almannavarna hefur gefið út samfélagssáttmála þar sem eru upplýsingar um ýmsar leiðbeiningar og hvatningu til almennings til að tryggja áfram góðan árangur. Samfélagssáttmálinn hefur verið kynntur á vef bæjarins og þar kemur fram að sáttmálinn gildir í vor og sumar.

Á fundi bæjarráðs undir þessum dagskrárlíð kom Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og fór yfir sviðsmyndir vegna áhrifa Covid19 á fjárhag bæjarins miðað við stöðuna í byrjun maí. Fjármálastjóri fór yfir innheimtu skatttekna og þjónustugjalda en þegar liggur fyrir skerðing á þjónustugjöldum og framlagi Jöfnunarsjóðs. Þá er innheimt staðgreiðsla undir áætlun og gera má ráð fyrir auknum samdrætti í staðgreiðslu þegar líður á árið.

Í undirbúningi er að endurskoða fjárhagsáætlun og er stefnt að því að drög geti legið fyrir í júní.

Sviðsstjórar fóru yfir starfsemina á sínum sviðum. Upplýsingastjóri sagði frá undirbúningi að auglýsingu nýrra sumarstarfa sem gert er ráð fyrir að verði birt á vef bæjarins 15. maí nk.

Bæjarráð samþykkir umsókn um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000 og felur bæjarstjóra að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun vegna viðbótarlántöku að fjárhæð kr. 275.000.000.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger, Harpa Þorsteinsdóttir, Ingvar Arnarson og Jóna Sæmundsdóttir voru á fundi bæjarráðs undir þessum dagskrárlíð.

2. 2005064 - Tilkynning Þóru Margrétar Hjaltsted um úrsögn úr kjörstjórn Garðabæjar, dags. 05.05.20.

Lögð fram.

Bæjarráð færir Þóru Margréti þakkir fyrir störf hennar í kjörstjórn Garðabæjar frá árinu 2009 og sem formaður kjörstjórnar frá árinu 2014.

Bæjarráð vísar til bæjarstjórnar að kjósa nýjan fulltrúa í kjörstjórn í stað Þóru Margrétar.

3. 2005082 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun, 734. mál., dags. 06.05.20.

Lagt fram.

4. **2005074 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, 707 mál., dags. 06.05.20.**
Lagt fram.
5. **2005110 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir, 662. mál., dags. 08.05.20.**
Lagt fram.
6. **2005109 - Bréf SSH varðandi greiðslu til samgöngusáttmála, dags. 06.05.20.**
Lagt fram til kynningar.
7. **1909330 - Umsókn Bergsins um styrk, dags. 16.09.19.**
Bæjarráð samþykkir að veita Berginu - Samtökum um stuðningssetur fyrir ungt fólk styrk að fjárhæð kr. 200.000.
8. **2003252 - Erindi Myndstefs varðandi meint brot á sæmdarrétti höfundar, dags. 11.03.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu bæjarstjóra.
9. **2005107 - Umsagnarbeiðni vegna endurnýjunar rekstrarleyfis fyrir veitingahús að Garðatorgi 4b.**
Afgreiðslu frestað.
10. **2005076 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2020, dags. 30.04.20.**
Um er að ræða tvö bréf þar sem tilkynnt er um úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar að fjárhæð kr. 1.920.000 og til fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar fyrir hönd SSH að fjárhæð kr. 2.000.000.
11. **2005106 - Sumarlaun nemenda við tónlistarskóla Garðabæjar 2020.**
Bæjarráð samþykkir tillögu Tónlistarskóla Garðabæjar um að eftirfarandi nemendur fái sumarlaun árið 2020.
Matthías Helgi Sigurðsson, kt. 210300-2360, gítarnemi og Sóley Björk Þorsteinsdóttir, kt. 220700-4450, þverflautunemi.
12. **2005059 - Tillaga Garðabæjarlistans um verklagsreglur fyrir athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk.**
Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að láta vinna drög að verklagsreglum fyrir ábendingakerfi á vef bæjarins þar sem allar ábendingar verði skráðar, flokkaðar og sendar til úrvinnslu og eftirfylgni á viðkomandi sviði. Við innleiðingu verði horft til þess að verkefnið verði hluti að framþróun stafrænnar þjónustu hjá Garðabæ. Einnig skal kannaður möguleiki á samstarfi við önnur sveitafélög.

Fleira ekki gert.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarfulltrúar koma saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Bæjarráð Garðabæjar
19. (1927). fundur 2020

Þriðjudaginn 19. maí 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911304 - Kynning starfshóps um stafræna framþróun og þjónustu Garðabæjar.

Á fund bæjarráðs mættu Arndís Thorarensen og Þórhildur Gunnarsdóttir, ráðgjafar frá Parallel ásamt Sunnu G. Sigurðardóttur, verkefnastjóra. Gerðu þær grein fyrir vinnu starfshóps um stafræna þjónustu og framþróun hjá Garðabæ og nánari greiningu á verkefnum sem komu til umfjöllunar hjá starfshópnum. Í niðurstöðum starfshópsins er lagt er til að valin verði fjögur verkefni sem eru stafrænt Garðakort, umhverfisgátt, þjónustugátt fyrir eldri borgara og snjöll afgreiðsla leikskólaumsókna.

Bæjarráð vísar tillögum að verkefnum til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 og til kynningar í fastanefndum.

Ingvar Arnarson, bæjarfulltrúi, sat fund bæjarráðs undir dagskrárliðum 1, 2, 3 og 4.

2. 2005194 - Bréf Strætó bs. varðandi drög að nýrri gjaldskrárstefnu, dags. 08.05.20.

Á fund bæjarráðs mættu Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs. og Jóhannes Rúnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og gerðu þau grein fyrir drögum að nýrri gjaldskrárstefnu Strætó. Í tillögu að nýrri gjaldskrá er m.a. gert ráð fyrir að einfalda og jafna afsláttargjöld þannig að bæði fastir og tilfallandi viðskiptavinir geti fundið fargjald við sitt hæfi.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi, sat fund bæjarráðs undir dagskrárliðum 2, 3 og 4.

3. 2003449 - Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Á fund bæjarráðs mætti Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir sviðsmyndum vegna áhrifa Covid19. Fjármálastjóri fór yfir tillögur að breytingum og tilfærslu fjárveitinga vegna breyttra aðstæðna.

Bæjarráð samþykkir tillögur um breytingar og tilfærslur fjárveitinga samkvæmt framlögðu skjali sem birt verður með fundargerð.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að leggja fram viðauka í þeim tilvikum sem við á.

4. 1808087 - Staða framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundum lykilstjórnenda þar sem verið er að ræða ágreining aðila um kostnað við grundun hússins.

5. **2004426 - Bjarnastaðavör 2A - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Valgeiri Páli Björnssyni, kt. 021091-3919, leyfi til að byggja einbýlishús að Bjarnastaðavör 2a.
6. **2003439 - Suðurhraun 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Reginn atvinnuhúsnæði ehf., kt. 521009-1010 leyfi til að byggja skrifstofuhúsnæði að Suðurhrauni 3.
7. **2002347 - Smiðsbúð 2 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita B&S invest ehf., kt. 680119-1470 leyfi fyrir innri breytingum húsnæðis að Smiðsbúð 2.
8. **2005093 - Hátún 13- Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Önnu Björk Hjaltadóttur, kt. 020877-5379, leyfi til að breyta glugga á suðurhlið í svalahurð að Hátúni 13.
9. **2003477 - Hagaflöt 20 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gunnari Smith, kt. 160172-4879, leyfi til breytinga á innra skipulagi einbýlishússins að Hagaflöt 20.
10. **2004242 - Holtsbúð 37 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gunnari Má Hreinssyni, 081269-5999, leyfi til stækkunar á viðbyggingu við núverandi einbýlishús að Holtsbúð 37.
11. **1711191 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi framkvæmd umbóta við Flataskóla, dags. 04.05.20.**
Bæjarráð felur fræðslu- og menningarsviði að hlutast til um að ráðuneytinu berist upplýsingar um framkvæmd umbóta sem áætlaðar voru í umbótaráætlun.
12. **2005168 - Bréf kærunefndar húsamála varðandi ágreining um réttindi og skyldur eigenda að Hraunhólum 4, dags. 08.05.20.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins.
13. **2005197 - Erindi Rjúpnavalla ehf. varðandi forkaupsrétt við sölu á fiskiskipi.**
Bæjarráð samþykkir leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að falla frá forkaupsrétti vegna sölu á mb. Leifi RE220 414.
14. **2005170 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguviða á höfuðborgarsvæðinu, 735. mál., dags. 12.05.20.**
Lagt fram.
15. **2005219 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi), 717. mál., dags. 15.05.20.**
Lagt fram.

16. 2005130 - Umsókn Plastlauss september 2020 um styrk, dags. 07.05.20.
Bæjarráð telur eigi unnt að verða við erindinu.

17. 2004427 - Bréf Brynju hússjóðs varðandi umsókn um stofnframlag 2020, dags. 24.04.20.
Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands um greiðslu stofnframlags vegna kaupa á einni íbúð. Áætlað kaupverð er 43,7 mkr. og nemur stofnframlag 12% eða 6,8 mkr.

18. 2005205 - Stefna Magna lögmanna varðandi kröfu um bætur vegna tjóns að völdum galla í fjölbýlishúsinu að Holtsvegi 45.
Bæjarráð felur Andra Árnasyni, lögmanni að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 18. febrúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
20. (1928). fundur 2020

Þriðjudaginn 26. maí 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2005339 - Greiðslur til sjálfstætt starfandi skóla - minnisblað SSH.

Á fund bæjarráðs mættu Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH. Hildigunnur gerði grein fyrir minnisblaði um greiðslur til sjálfstætt starfandi skóla vegna skertra greiðslna frá foreldrum vegna áhrifa Covid19.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að semja við sjálfstætt starfandi skóla um greiðslur til skólanna vegna skertra greiðslna frá foreldrum á dvalargjöldum á þeim tíma sem takmörkuð þjónusta var í boði vegna áhrifa Covid19.

2. 2003449 - Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir innheimtu staðgreiðslu útsvars í maí og eru tekjur um 8 - 10% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Á ársgrundvelli nemur áætlaður samdráttur útsvarstekna um 800 - 850 mkr.

Á fundi bæjarráðs 31. mars sl. var samþykkt aðgerðaráætlun að fyrstu viðbrögðum Garðabæjar sem gerði ráð fyrir viðbótarfjárveitingum til eftirfarandi framkvæmda.

Samveitur - verkframkvæmdir	100,0 mkr
Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk	100,0 mkr

Bæjarstjóri kynnti tillögur að frestun eftirfarandi framkvæmda.

Bæjargarður-útivistarstígur	50,0 mkr.
Garðatorg	100,0 mkr.
Minjagarður við Hofsstæði	50,0 mkr.

Bæjarráð samþykkir tillögur um breytingar á framkvæmdaáætlun og felur bæjarstjóra að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun.

3. 2005266 - Bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga varðandi Covid19 á fjárhag sveitarfélaga, dags. 14.05.20.

Lagt fram.

4. 2003437 - Hraunkot við Álftanesveg - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Nuno Alexandre Bentim Servo, kt. 240676-2069, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Hraunkoti við Álftanesveg.

5. **2003173 - Haukanes 24 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Antoni Kristni Þórarinssyni, kt. 140379-4339, leyfi fyrir endurbyggingu og stækkun núverandi einbýlishúss að Haukanes 24.
6. **2003195 - Hraungata 52-Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gunnhildi Hlín Snorradóttur, kt. 260284-2239, leyfi fyrir byggingu parhúss að Hraungötu 52.
7. **2003172 - Hraungata 54 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Nönnu Bryndísi Snorradóttur, kt. 030588-2239, leyfi fyrir byggingu parhúss að Hraungötu 54.
8. **2002219 - Keldugata 6 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðmundi Ásmundssyni, kt. 090360-4509, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Keldugötu 6.
9. **2005305 - Keldugata 8 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðmundi Ásmundssyni, kt. 090360-4509, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Keldugötu 8.
10. **2005304 - Keldugata 10 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðmundi Ásmundssyni, kt. 090360-4509, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Keldugötu 10.
11. **2005303 - Keldugata 12 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðmundi Ásmundssyni, kt. 090360-4509, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Keldugötu 12.
12. **1907114 - Gjaldskrá fyrir akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ.**
Bæjarráð vísar gjaldskránni til afgreiðslu bæjarstjórnar.
13. **2005309 - Tilkynning Kópavogsbæjar um kynningu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Traðarreitur-eystri, þróunarsvæði fyrir íbúðarbyggð.**
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 26. maí 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
21. (1929). fundur 2020

Þriðjudaginn 2. júní 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K. Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - lántaka.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs við afgreiðslu mála samkvæmt dagskrárliðum 1-2.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir tillögu um lántöku, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 600.000.000, verðtryggt með 1,5% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 15 ára.

Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

2. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Viðaukar 1-4.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðaukum nr. 1-4 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 1-4 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 1.

Í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 1.800 mkr.

Lagt er til að lántökuheimild ársins hækki um 375 mkr og verði 2.175 mkr.

Viðauki 2.

Fjölskyldusvið

Fjárhagsaðstoð	26.000.000	02110-9112
Sérstök niðurgreiðsla húsaleigu	12.000.000	02180-9179
Lengd viðvera fatlaðra ungmenna	18.350.000	02582-4990
Stoðþjónusta (frekari liðveisla)	80.300.000	02530-4382
Sambýli viðbótarkostnaður	14.000.000	ýmsir lykjar
Kostnaðarauki vegna kaupa á Covid vörum	1.000.000	ýmsir lykjar
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	-5.000.000	02590-4118
Félagsleg heimaþjónusta	-5.000.000	02150-4990
Afsláttur fasteignagjalda eldri borgara	-18.000.000	02415-9916
Jónshús - áhrif lokunar	-2.000.000	ýmsir lykjar
Samtals kostnaðarauki félagsþjónusta	121.650.000	

Kostnaðarauka skal mætt með sölu á lóðum -121.650.000 31400-0397

Viðauki 3.

Á fundi bæjarráðs þann 5. maí 2020 var samþykkt að ráða öll ungmenni í sumarvinnu og var umsóknarfrestur til 31. maí 2020.

Atvinnuáttak ungs fólks laun	166.000.000	11330-
Efni	10.000.000	11330-
Endurgreiðsla frá ríki	-58.100.000	11340-
Launakostnaður	74.350.000	11340-
Efni	5.000.000	11340-
Samtals viðbótarkostnaður	197.250.000	

Kostnaðarauka skal mætt með sölu á lóðum	-154.350.000
Lækkun á rekstrarafgangi	42.900.000

Viðauki 4.

Breyting á fjárfestingaáætlun	
Samveitur	100.000.000
Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk	100.000.000
Bæjargarður - útivistarstígur	-50.000.000
Garðatorg	-100.000.000
Minjagarður við Hofsstaði	-50.000.000

3. 1907105 - Urriðaholtsstræti 40 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita HHV ehf., kt. 450916-1880, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 10 íbúðum að Urriðaholtsstræti 40.

4. 1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - Vífilsstaðaland.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að taka tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar við auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Vífilsstaðalands.

5. 1910293 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vetrarmýri.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar. Auglýstur frestur til athugasemda skal vera til 31. ágúst 2020.

6. 1906192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir norðurhluta Hnoðrahólts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að nýju deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts. Auglýstur frestur til athugasemda skal vera til 31. ágúst 2020.

7. 1910294 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Rjúpnadal.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi fyrir Rjúpnadal. Auglýstur frestur til athugasemda skal vera til 31. ágúst 2020.

8. 1710301 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Haukanes 15.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna stækkunar byggingarreits fyrir byggingu útigeymslu á lóðinni við Haukanes 15. Tillagan var grenndarkynnt og var gerð athugasemd við fjölgun bílastæða innan lóðar og er ekki fallið á fjölgun bílastæða innan lóðar umfram það sem nú er.

9. **2003086 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Lyngmóum 3.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir sérnotareitum á lóð og aðgengi frá íbúðum á neðstu hæð að þeim, verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
10. **1903374 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis á norðurnesi Álftaness.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2020 vegna svæðis á norðurnesi Álftaness fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.
11. **1803108 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir norðurnes Álftaness.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir Norðurnes Álftaness fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Kynningin skal auglýst með áberandi hætti.
12. **2005345 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju götuheiti á Grundum.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt heiti, Þórsgrund, á götu á Grundum.
13. **2005356 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi verk- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og Reykjavíkurborgar 2010-2030.**
Lögð fram.
14. **2005346 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir vatns- og raflögn að skátaskála í Heiðmörk.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi fyrir lagningu rafstrengs og vatnsveitu í reiðleið frá Kjóavöllum að útilífsmiðstöð skáta í Heiðmörk.
15. **2005047 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um ljósaskjá að Litlatúni 1.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um uppsetningu á ljósaskjá á lóðinni við Litlatún 1, enda í andstöðu við skilmála gildandi deiliskipulags um skilti og merkingar.
16. **2003254 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Fluguvöllum 4.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna byggingar þakkvista á hesthúsið við Fluguvelli 4. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bærust engar athugasemdir.

17. 1902106 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsögn Umhverfisstofnunar um áhrif golfbrauta í Urriðavatnshrauni.

Lögð fram.

Bæjarráð vísar umsögn Umhverfisstofnunar til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

18. 1912183 - Erindi Íslensku lögfræðistofunnar f.h. umbj. varðandi kröfu um innlausn lóðar og skaðabætur, dags. 06.03.20.

Bæjarráð samþykkir að fela bærarstjóra að semja við lóðarhafa um innlausnarverð lóðar og þátttöku í kostnaði við jarðvegsframkvæmdir o.fl. samtals að fjárhæð 43,5 mkr.

Bæjarráð samþykkir jafnframt að fela bærarstjóra að auglýsa eftir tilboðum í lóðina.

19. 2005421 - Ársskýrsla Hönnunarsafns Íslands 2019.

Lögð fram.

20. 2005165 - Afgreiðsla íþróttá- og tómstundaráðs varðandi tillögu um ráðstöfun 19. júní sjóðs.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja eftirfarandi tillögu íþróttá- og tómstundaráðs um niðurlagningu 19. júní sjóðs og ráðstöfun sjóðsinneignar.

„Lagt er til að 19. júní sjóður verði lagður niður og allt fé sjóðsins, sem nam í árslok 2019 kr. 24.895.251, renni til bæjarsjóðs. Samhliða því er tillaga um að kr. 4.000.000 verði úthlutað bæði á árinu 2020 og 2021 til að efla og styrkja íþróttir og líkams- og heilsurækt kvenna. Frá árinu 2022 verði svo kr. 2.000.000 úthlutað á ári til sama málefnis þar til fjármunum sjóðsins er að fullu úthlutað.“

21. 2005446 - Ársreikningur Hrafnistu Ísafoldar 2019.

Í ársreikningum kemur fram að tap ársins nemi kr. 26,7 mkr og greiðir Garðabær samkvæmt samningi um rekstur hjúkunarheimilisins framlag til Hrafnistu að fjárhæð 24,0 mkr.

22. 2005447 - Bréf UMFÁ varðandi stúkubýggingu við Álftanesvöll, dags. 28.05.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar íþróttá- og tómstundaráðs og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

23. 2005428 - Bréf Landskerfa bókasafna hf. varðandi aðalfund 2020, dags. 26.05.20.

Lagt fram.

24. 2004350 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra varðandi söfnun upplýsinga um fjárhagsstöðu sveitarfélaga, dags. 25.05.20.

Bæjarráð felur bærarstjóra að hlutast til um að veita ráðuneytinu umbeðnar upplýsingar um stöðu og rekstur sveitarfélagsins.

25. 2005386 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tilnefningu fulltrúa í starfshóp um stafræna stjórnslu, dags. 26.05.20.

Bæjarráð samþykkir að tilnefna Sunnu G. Sigurðardóttur, verkefnastjóra sem fulltrúa Garðabæjar í starfshóp um stafræna stjórnslu.

26. 2005451 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, 838. mál., dags. 28.05.20.

Lagt fram.

27. 2005452 - Bréf JFS um innheimtu gjalda, dags. 28.05.20.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu.

28. 1808087 - Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri - staða framkvæmda.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahús.

29. 1908023 - Viðauki við samning um uppbyggingu íbúðarbyggðar við Eskiás.

Bæjarstjóri kynnti drög að samningi við Mótás Garðabæ ehf. um samruna lóða og ráðstöfun á sameiginlegum lóðum til Mótáss Garðabæjar ehf. þar sem byggingarréttargjald er kr. 75.000 á fermetra.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 2. júní 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra
bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Leikskólanefnd Garðabæjar
14. fundur 2020

Miðvikudaginn 27. maí 2020 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Sigurborg K Kristjánsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, María Jónsdóttir fulltrúi foreldra og Elín Ósk Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri kynnti aðalskipulag Garðabæjar 2016 til 2030.

Gestir

Arinbjörn Vilhjálmsson -

2. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar frampróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Sunna Guðrún Sigurðardóttir verkefnastjóri kynnti vinnu að framgangi stafrænnar þróunar fyrir íbúa og viðskiptavinum sveitafélagsins. Greint var frá fyrirhuguðum breytingum á leikskólaumsóknum.

Gestir

Sunna Guðrún Sigurðardóttir - 09:00

3. 2005226 - Þróunarsjóður leikskóla

Upplýst var um breytingar á úthlutun úr Þróunarsjóði leikskóla en úthlutað verður upphæð að kr. 3.600.000 eða 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Umsóknarfrestur verður fluttur til 15 september 2020.

4. 2005227 - Innritun í leikskóla 2020

Lagðar fram upplýsingar um innritun í leikskólana. Innritun á 2019 árgangi er nánast lokið.

5. 2005228 - Framkvæmdir í leikskólum

Forstöðumaður fræðslusviðs fór yfir helstu framkvæmdir í leikskólum bæði varðandi lóðir og húsnæði.

6. 2005229 - Leikskólastarf í COVID

Fjallað um framkvæmd leikskólastarfs í COVID 19.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
21. fundur 2020

Fimmtudaginn 14. maí 2020 kl. 16:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Gestur fundarins var Ólöf Breiðfjörð nýr menningarfulltrúi Garðabæjar sem kemur til starfa á næstu vikum.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911213 - Umsókn um styrk vegna viðburða á árinu 2020

Bréf Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla með umsókn um styrk vegna viðburða á árinu 2020, móttékið 13. nóvember 2019, lagt fram. Bæjarráð fjallaði um erindið á fundi sínum 19. nóvember 2019 og vísaði því til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020. Á fundi bæjarráðs Garðabæjar 28. apríl sl. var samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

Menningar- og safnanefnd felur nýjum menningarfulltrúa að hafa samband við félagið til að fá nánari upplýsingar um fyrirhugaða dagskrá og starfsemi félagsins á þessu ári áður en styrkbeiðnin verður afgreidd.

2. 2001326 - Hvatningarsjóður ungra listamanna 2020

Auglýst var eftir umsóknum úr Hvatningarsjóði ungra listamanna í apríl. Listi með umsóknum var lagður fram og ræddur. Umfjöllun verður haldið áfram á næsta fundi nefndarinnar.

3. 2001327 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2020

Auglýst var eftir ábendingum um tilnefningu til bæjarlistamanns Garðabæjar 2020 í apríl. Listi með framkomnum ábendingum var lagður fram og ræddur. Umræðu verður haldið áfram á næsta fundi.

4. 2001328 - Menningaruppskeruhátíð 2020

Umræðu frá síðasta fundi haldið áfram. Í skoðun er að vera með menningarhátíðina í júní fyrir 17. júní. Áfram verður unnið að undirbúningi hátíðarinnar.

5. 2005166 - Menningarviðburðir- sumar 2020

Upplýsingastjóri greindi frá því að stjórn myndlistarfélagsins Grósku hafi ákveðið að fresta Jónsmessugleðinni til ársins 2021. Einnig var greint frá umræðum sem hafa átt sér stað varðandi 17. júní hátíðarhöld og með hvaða hætti hægt verði að halda viðburði í sumar með tilliti til þeirra fjöldatakmarkana sem verða í gildi.

Ólöf Breiðfjörð, nýr menningarfulltrúi Garðabæjar, greindi frá ýmsum hugmyndum um viðburði og fleira sem hefur komið til tals í tengslum við eflingu miðbæjarins í sumar á Garðatorgi. Umræður voru um viðburði sumarsins.

Ný sumarstörf tengd menningu og listum fyrir ungmenni á aldrinum 18-25 ára voru auglýst á vef Garðabæjar í dag.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar 19. fundur 2020

Þriðjudaginn 19. maí 2020 kl. 16:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2005165 - Uppgjör 19. júnisjós 2019

Reikningur 19.júnisjós Garðabæjar 2019 var samþykktur og undirritaður. Tillaga um breytingar á sjóðnum var samþykkt og formanni falið að leggja hana fyrir bæjarstjórn. Lagt er til að 19. júní sjóðurinn verði lagður niður og fé sjóðsins renni til bæjarsjós þar sem leitast skal við að verja fénu til uppbyggingar á íþróttum kvenna eins og fram kemur í skipulagsskrá sjóðsins. ÍTG verði áfram falið að sjá um úthlutun fjármagnsins en tillagan hljóðar á um að kr. 4.000.000 verði úthlutað bæði á árinu 2020 og 2021 til að efla og styrkja íþróttir og líkams- og heilsurækt kvenna. Frá árinu 2022 verði svo kr. 2.000.000 úthlutað á ári til sama málefnis. Ætti fjárhæðin sem til er í sjóðnum þá að duga í 10 ár eða til 2030.

2. 2003120 - Þingsályktun um forvarnastefnu,

ÍTG fagnar fram kominni þingsályktun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021 til 2025. ÍTG styður aukna fræðslu á þessu sviði og leggur áherslu á að hún nái til allra aldurshópa.

3. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

Drög að forvarnarstefnu Garðabæjar verður á næstunni send til kynningar í nefndum bæjarins.

4. 2004371 - Hvatapeningar 2019 - samantekt

Samantekt íþróttafulltrúa vegna hvatapeninga 2019 ásamt yfirliti síðustu 6 ára hjá hverjum aldurshópi og hverjum árgangi var lögð fram til kynningar.

5. 2004226 - Áhrif Covid 19 á rekstur íþróttafélaga í Garðabæ

Ljóst er að mörg félög hafa orðið fyrir tekjumissi af viðburðum sem fallið hafa niður. Skipulögðu starfi var haldið uppi með rafrænum samskiptum en einnig hefur tímabil æfinga verið lengt í einhverjum tilfellum til að koma til móts við greidd æfingagjöld. Nú er allt barna- og unglíngastarf komið aftur í gang og rýmkun fjöldatakmarkana á starfi eldri flokka taka gildi frá 25. maí.

6. 2004031 - Íþróttahreyfingin og COVID-19

Garðabær hefur horft til þess að flýta greiðslum gildandi samninga innan ársins hafi félögin óskað eftir því vegna lausafjáranda. Endanleg áhrif á tekjur og gjöld félaga eru ekki komin fram að fullu.

7. 2003215 - Covid 19 aðgerðir í íþróttamiðstöðvum

Íþróttamiðstöðvum bæjarins var lokað 23.maí sl. að kröfu sóttvarnaryfirvalda. Starfsemi skóla með

nýtingu sundlauga og íþróttaaðstöðu hófst að nýju 4. maí. Á sama tíma gátu íþróttafélög hafið barnastarfið. Takmarkanir hafa verið á fjölda fullorðinna í sölum og á völlum en bann við komu foreldra er inn í húsin. Aflétting þessara takmarkana hófust 18. maí með opnun almenningsundlauga í Ásgarði og á Álftanesi og stefnt er að opnu heilsuræktina 25. maí. Fylgt er ráðleggingum EL um fjöldatakmarkanir og nálægðarmörk. Í lokuninni var tíminn nýttur í viðhald húsnæðis og tækja.

8. 2003337 - Umsókn um starf forstöðumanns Garðalundar

John Friðrik Bond Garðarsson hefur verið ráðinn í starf forstöðumanns Garðalundar frá og með 15. maí 2020. John kemur til okkar úr starfi forstöðumanns Ungmennahúss í Hafnarfirði. ÍTG býður John Friðrik Bond velkominn til starfa.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
19. fundur 2020

Þriðjudaginn 12. maí 2020 kl. 16:30 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Brynhildur Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Erna Ingibjörg Pálsdóttir fulltrúi skólastjóra, Hafdís Bára Kristmundsdóttir fulltrúi skólastjóra, Ólöf Sigurbjörg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara, Baldur Freyr Ólafsson fulltrúi foreldra og Elín Jóhannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar grunnskóla.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - Kórónaveira - COVID-19

Farið yfir þær breytingar sem urðu á skólalaldi vegna Covid 19. Rætt um hvað við getum lært af þessum tíma sem og stöðuna í skólunum í dag. Skólanefnd felur fræðslu og menningarsviði að tryggja að hver skóli taki saman greinargerð um skólalald á þessu tímabili þar sem fram komi m.a. hvaða lærdóm má draga af því. Skólanefnd og foreldrasamfélagið í bænum færir skólastjórnendum og starfsfólki skólanna þakkir fyrir vel unnin störf.

2. 2001390 - Þróunarsjóður grunnskóla Garðabæjar 2020

Á fundi bæjarráðs 31. mars sl var samþykkt aðgerðaáætlun vegna áhrifa Covid 19, fyrstu viðbrögð. Það voru m.a. kynntar sviðsmyndir sem gera ráð fyrir 100 milljón kr. hagræðingu og eða frestun útgjalda til að koma til móts við tekjutap og kostnaðarauka vegna Covid 19. Í því ljósi er mögulegt að komi til skerðingar á úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla.

3. 2005114 - Starfsmannamál

Farið yfir breytingar í stjórnendahópi í Garðaskóla, Sjálandsskóla, Flataskóla og á fræðslu og menningarsviði. Skólanefnd þakkar starfsfólki vel unnin störf og býður nýtt fólk velkomið til starfa.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
6. fundur 2020

Fimmtudaginn 28. maí 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilsstaðaland-rammahluti.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags 26.maí þar sem fram kemur niðurstaða stofnunarinnar á athugun tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem nær til Vífilsstaðalands.

Gerðar eru athugasemdir við nokkur skipulagstæknileg atriði en ekki við efnislegt innihald tillögunnar. Veitt er heimild til auglýsingar tillögunnar þegar atriðin hafa verið lagfærð eða útskýrð.

Húsakönnun og fornleifaskráning Vífilsstaðalandslagðar fram. Þær munu fylgja sem viðauki við breytingartillögu aðalskipulags sem samþykkt hefur verið að auglýsa.

2. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar. Sigurður Einarsson arkitekt hjá Batteríinu gerði grein fyrir tillögunni.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða í fjölbýli, atvinnuhúsnaðis, verslunar auk íþróttamannvirkja. Einnig verða byggð bílahús á svæðinu.

Hæðir húsa verða á bilinu 4-5 hæðir. Fjöldi íbúða verður 658, atvinnuhúsnaði verður um 37.000 m² og íþróttamannvirki um um 43.000 m². Heildarbyggingarmagn ofanjarðar verður um 150.000 m². Áætlaður fjöldi bílastæða er um 2.700.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Auglýsing skal birt um miðjan júní og standa til ágústloka þegar athugasemdafrestur rennur út.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Hnoðrahólts-og Vetrarmýrar frá 1996.

3. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Hnoðrahólts norður.Sigurður Einarsson arkitekt hjá Batteríinu gerði grein fyrir tillögunni.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir íbúðarbyggð í fjölbýli, rað-, og einbýlishúsum.

Atvinnuhúsnæði verður á norðvestur hluta skipulagsreitsins.

Hæðir íbúðarhúsa verða á bilinu 1-4 hæðir. Atvinnuhúsnæði verður 4 hæðir með inndreginni 5 hæð þar sem hún er hæst. Fjöldi íbúða verður 448 og atvinnuhúsnæði verður um 20.000 m². Heildarbyggingarmagn ofanjarðar verður um 64.000 m². Áætlaður fjöldi bílastæða er um 1.050.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Auglýsing skal birt um miðjan júní og standa til ágústloka þegar athugasemdafrestur rennur út.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Hnoðrahólts-og Vetrarmýrar frá 1996.

Tillaga skal auglýst samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilsstaðalands.

4. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Rjúpnadal. Þráinn Hauksson landlagsarkitekt hjá Landslagi ehf gerið grein fyrir tillögunni. Tillagan gerir ráð fyrir grafreit (kirkjugarði) á 4 ha lands. Gert er ráð fyrir byggingareitum fyrir þjónusutbyggingar fyrir grafreitsstarfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir lóð fyrir bálstofu og skógarduftreit sem tengjast henni. Sunnar grafreitsins er gert ráð fyrir lóð fyrir meðferðarstofnun.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Auglýsing skal birt um miðjan júní og standa til ágústloka þegar athugasemdafrestur rennur út.

Tillaga skal auglýst samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilsstaðalands.

5. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Lögð fram tillaga breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi.

Skipulagsstjóri gerir grein fyrir fundum með landeigendum þar sem drög að tillögu voru rædd.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 2.mgr.30.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

6. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi.

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundum með landeigendum þar sem drög að tillögu voru rædd. Lagt fram minnisblað þar sem gerðar eru tillögur að nokkrum breytingum á tillögunni.

Lagðar fram fornleifaskráning unnin af Antikva ehf og húsakönnun unnin af Gláma-Kím.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

7. 1909193 - Garðahverfi, dsk breyting, lóð fyrir uppsátur og naust.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipuags Garðahverfis sem gerir ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir naust sem ætlað er að vera aðstaða fyrir kajaksiglingaklúbbinn Sviða. Ein athugasemd hefur borist og hún lögð fram. Umsögn Umhverfisstofnunar hefur borist og hún lögð fram.

Umsögnum og tillögu vísað til skoðunar og úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði.

8. 1710301 - Haukanes 15-Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits til vesturs fyrir útigeymslu með sama gólfkóta og neðri hæð húss. Tillagan gerir einnig ráð fyrir bílastæðum fyrir fjóra bíla og breyttri staðsetningu þeirra. Lagðar fram athugasemdir sem bárust í grenndarkynningu.

Lagðar fram hugmyndir að útfærslu lóðar sem gerir ráð fyrir meiri gróðri umhverfis bílastæði en í grenndarkynningu tillögu.

Skipulagsnefnd leggur til að ekki verði gert ráð fyrir bílastæðum á lóð umfram þau þrjú sem fram koma í deiliskipulagi fyrir framan bílageymslu og aðalinngang. Bent er á að stækkaður byggingarreitur er fyrir útigeymslu en ekki bifreiðar.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindri breytingu á tilhögun bílastæða.

9. 2005045 - Tunguás 8 - stækkun byggingarreits v/viðbyggingar - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram tillaga að stækkun byggingarreits framan við bílageymslu. Vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

10. 2003384 - Aratún 36 - stækkun byggingarreits - Ósk um dsk breytingu

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags að lokinni grenndarkynningu.

Lögð fram athugasemd sem borist hefur. Vísað til skoðunar og úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði.

11. 2005047 - Litlatún 1 - fyrirspurn v/ljósaskjá - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram tillaga að ljósaskilti á norðurhlið bensínstöðvarhúss sem snýr að Hafnarfjararvegi. Samkvæmt deiliskipulagi skal skiltum á útveggjum stillt í hóf og skipulagsnefnd telur að tillagan samrýmist ekki stefnu deiliskipulagsins. Svar skipulagsnefndar er því neikvætt.

12. 2005345 - Ný gata við Ægisgrund/Þórsmörk - tillaga að heiti

Lögð fram tillaga að heiti götunnar frá fyrirhuguðu hringtorgi við Vífilsstaðaveg að Marargrund/Stórás/Njarðargund. Lagt er til heitið Þórsgund með vísan í norræna goðafræði eins og aðrar götur á Grundum og í húsið Þórsmörk. Samþykkt.

13. 2003086 - Lyngmóar 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingarleyfisumsókn sem gerir ráð fyrir sérnotareitum á lóð og aðgengi frá íbúðum á neðstu hæð að þeim. Gert er ráð fyrir að B-rými svara breytist í A-rými.

Tillögu vísað til grenndarkynningar sem byggingarleyfisumsókn í hverfi án deiliskipulags í gildi. Grenndarkynna skal eigendum að Lyngmóum 1 og 5.

14. 2005346 - Framkvæmdaleyfi - vatns- og raflögn að skátaskála í Heiðmörk

Lögð fram umsókn bæjarverkfræðings um framkvæmdaleyfi fyrir raflögn um reiðleið í frá Kjávöllum að Útiífsmiðstöð við Gunnavatn syðra. Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

15. 2004377 - Beiðni um breytingu á skipulagi akstursgötu við Miðskóga á Álftanesi

Tillögu vísað til tækni-og umhverfissviðs og skal skoða hana við mótun deiliskipulags

Skógtjarnar.

16. 2003254 - Fluguvellir 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að lokinni grenndarkynningu. Engar athugasemdir hafa borist. Tillagan skoðast því samþykkt.

17. 1902106 - Friðlýsingar - samstarf við Umhverfisstofnun

Lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar um áhrif lagningar golfbrauta í Urriðakotshrauni. Umsögn vísað til úrvinnslu í samráðsteymi um friðlýsingar í Garðabæ.

18. 2005131 - Kynning á nýrri vefsíðu

Lagt fram.

19. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

Tillaga að Forvarnastefnu Garðabæjar 2020 lögð fram. Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir.

20. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar frampróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Tillaga lögð fram. Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir.

21. 2005356 - Beiðni um umsögn um verk- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og Reykjavíkurborgar 2010-2030

Verk-og matslýsing breytinga á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2030 lagðar fram.

Skipulagsnefnd gerir hvorki athugasemd við verkefnislýsinguna né matslýsinguna.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
256. fundur 25. maí 2020
Fundargerð

1 Skipulagsmál

1.1 Landfylling og brú yfir Fossvog

Lögð fram tilkynning frá Skiplagsstofnun þar sem gert er grein fyrir að fyrirhuguð framkvæmd við landfyllingu og brú yfir Fossvog sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Er sú niðurstaða í samræmi við umsögn heilbrigðiseftirlitsins frá 29. janúar 2020.

1.2. Aðalskipulagsbreyting, Hraun vestur, Hamranes

Með erindi dagsettu 14. maí 2020 óskar Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt f.h. skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar eftir umsögn heilbrigðisnefndar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu í Hafnarfirði er nær til 23 ha. svæðis í Hamranesi. Auglýsingartími breytinganna er frá 14.5.-26.6.2020. Óskað er eftir að umsögn heilbrigðisnefndar berist á auglýsingartíma.


Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á áformaðri landnotkun við Hamranes. „Svæðið verði skilgreint sem M3 (miðbær/miðsvæði). Á miðsvæðinu skal „fyrst og fremst vera íbúðabyggð auk verslana, skrifstofa, þjónustustofnana, veitinga- og gistihúsa, menningarstofnana og hreinlegum iðnaði og atvinnustarfsemi eftir nánari skilgreiningu í deiliskipulagi“.

Í greinargerð kemur fram að uppbygging þessa svæðis við Hamranes sé hluti nýs bæjarhluta ásamt Skarðshlíð, Völlunum, Áslandi og Vatnshlíð en framkvæmdaröðin riðlast vegna tafa við að fjarlægja háspennulínur/loftlínur er liggja yfir landið og óvíst hvenær þær munu víkja. Þar af leiðandi hafi verið horft til þess að uppbygging í Hamranesi verði meiri en gildandi aðalskipulag segir til um.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu vegna áformaðrar breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er varðar landnotkun við Hamranes.

Nefndin vekur athygli á að þar sem skipulag gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða við ýmiss konar verslunar-, þjónustu- og atvinnustarfsemi sem síðar verði ákvörðuð við deiliskipulagi lóða er mikilvægt að hugað sé að því að gerðar verði ítarlegar kröfur til alls húsnæðis með hliðsjón af mengunarhættu, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum.

Þá minnir heilbrigðisnefnd á að þó nefndin veiti ýmiss konar atvinnustarfsemi starfsleyfi þá gildir það ekki um allar tegundir atvinnurekstrar og einnig að ef ekki er hugað af nægjanlegri aðgreiningu íbúða frá atvinnurekstri við gerð húsnæðis getur nefndin ekki tryggt hnökralaust sambýli íbúa og atvinnulífs. Því verði að huga vel að hönnun hverfis og einstakra bygginga.



Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the left, a smaller one in the middle, and the initials 'öd' and 'SMG' on the right.

2 Starfsleyfi

Garðabær

2.1 Blikastígur 19, Garðabæ – gistiheimili

Lögð fram umsókn Maríu Harðardóttur, kt. 151170-4209, Blikastígur 19, f.h. dags. 28.04.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir gistingu í séríbúð að Blikastíg 19, Garðabæ. Fasteignanr.: 2299929. Endurnýjun.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.05.2020.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.01.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar

2.2 Garðatorg 7, Garðabæ – nuddstofa

Lögð fram umsókn Þórðar Tómassonar f.h. Jurtahúsið ehf., kt. 440703-2910, dags. 11.05.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fasteignanr.: 2222597.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.05.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.3 Vesturhraun 5, Garðabæ – matstofa

Lögð fram umsókn Péturs Viðarssonar, f.h. Í-Mat ehf., kt. 430220-1010, dags. 12.05.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs matstofu að Vesturhrauni 5, Garðabæ.

Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.4 Víðilundur 6, Garðabær – niðurrif

Lögð fram umsókn Hlyns R. Guðjónssonar, f.h. Kappar ehf., kt. 430209-0510, dags. 13.05.2020, sótt er um leyfi til að hreinsa og fjarlægja asbest úr húsi að Víðilundi 6, Garðabæ. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er staðfest leyfi til starfseminnar til 10.06.2020.


Hafnarfjörður

2.5 Ásvellir 2, Hafnarfjörður – sjúkraþjálfun

Lögð fram umsókn Kristins Magnússonar, f.h. Ásmegin sjúkraþjálfun ehf., kt. 600608-1340, dags. 18.05.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir sjúkraþjálfun að Ásvöllum 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2301562. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.04.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the left, a smaller one in the middle, and the initials 'bd' and 'SMG' on the right.

2.6 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður – matvæladreifing

Lögð fram umsókn Ívars Erlendssonar, f.h. Lody ehf., kt. 630914-2130, dags. 12.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2224302. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.7 Norðurhella 8, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóhanns D. Barðason, f.h. Bifvélavirkjans ehf., kt. 500918-0120, dags. 01.04.2020, þar sem sótt er um endurskoðun starfsleyfis til samræmi við önnur fyrirtæki í fasteigninni að Norðurhelli 8, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2305373. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt að framlengja starfsleyfi til 26.11.2030.

2.8 Sléttuhlíð F2 og F3, Hafnarfjörður – gistiheimili í flokki II

Lögð fram umsókn Katrínar J. Árnadóttur f.h. Borgarkletts ehf. kt.531016-0920 dags. 20.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis í flokki II í Sléttuhlíð F2 og F3 í Hafnarfirði.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.21.10.2019.

Samþykkt byggingafulltrúa dags. 23.05.2020 um notkun húsnæðis.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára

Kópavogur

2.9 Auðbrekka 2, Kópavogur –hár- og snyrtistofa

Lögð fram umsókn Krystyna Kaczynska, f.h. KryStyle Shine ehf., kt. 681118-1280, dags. 12.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og hársnyrtistofu að Auðbrekku 2, Kópavogi.

Ný starfsemi. Fasteignanr.: 01 0101.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.05.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.05.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.


2.10 Auðbrekka 27, Kópavogur – bónstöð

Lögð fram umsókn Sardar Nabi Mohammed, f.h. Eðalbón ehf., kt. 630320-01100, dags. 27.04.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Auðbrekku 27, Kópavogi.

Ný starfsemi. Fasteignanr.: 205-8744.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.05.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 8.05.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa 8.05.2020.



Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.11 Borgarholtsbraut 69, Kópavogur – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Helgu Bjarkar Sigurðardóttur, kt. 300162-3209, dags. 12.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs Hárgreiðslu og rakarastofu að Borgarholtsbraut 69, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2059224. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 13.05.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa varðandi samþykka notkun fasteignar dags. 13.05.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.12 Breiðuhvarf 6, Kópavogi - Læknastofa

Lögð fram umsókn Haralds Erlendssonar kt.240956-4469 dags.19.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknastofu að Breiðuhvarfi 6, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.22.05.2020.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára, með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykka notkun húsnæðis.

2.13 Bæjarlind 1-3, Kópavogi – snyrtistofa

Lögð fram að nýju umsókn Aðalheiðar Kristjánsdóttur, kt.110973-4119, f.h. Snyrtistofunnar Cara kt.660303-3320 ehf. dags. 13.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Bæjarlind 1-3, Kópavogi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 29.04.2020.

Afgreiðslu starfsleyfis var frestað á fundi heilbrigðisnefndar 2.12.2019 en að uppfylltum skilyrðum heilbrigðisfulltrúa og með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.14 Bæjarlind 14-16, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Bjarkar Þorleifsdóttur, f.h. Bjs subs ehf. (Nonnabiti), kt. 480909-0700, dags. 04.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðs að Bæjarlind 14-16, Kópavogi.

Breyting á húsnæði. Fasteignanr.: 2235698, 2235699.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 19.05.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.05.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa 8.05.2020.


Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.15 Fellahvarf 28, Kópavogi – Matarvagn

Lögð fram umsókn Ágústs Freys Hallssonar f.h. Mækæ ehf. kt.640818-0340 dags. 22.05.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs matarvagns. Aðsetur starfseminnar er að Fellahvarfi 28 í Kópavogi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags.22.05.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page. There are four distinct signatures in black ink, including one that appears to be 'SMG'.

2.16 Hlíðasmári 14, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Brynju Bjarkar Harðardóttur, f.h. Reykjavík Dental Care., kt. 500616-1720, dags. 28.04.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 14, Kópavogi. Fasteignanr.: 222-7797 Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 19.05.2020.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.17 Skemmuvegur 20, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Böðvars Guðmundssonar, f.h. ALP/GÁK ehf, kt. 681218-0330, dags. 18.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og sprautuverkstæðis að Skemmuvegi 20, Kópavogi Fasteignanr.: 2064891.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 22.05.2020

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.18 Smiðjuvegur 36, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Nuno Valentim, kt. 121080-3389, dags. 07.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og sprautuverkstæðis að Smiðjuvegi 36, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065351. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 12.05.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 11.05.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykta notkun fasteignar.

2.19 Tónahvarf 3, Kópavogur – trésmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Odds Guðnasonar, f.h. Innréttingarþjónustu Bjarnarins ehf., kt. 580105-0920, dags. 14.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðaverkstæðis að Tónahvarfi 3, Kópavogi. Fasteignanr.: 2329397.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 20.05.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.05.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykta notkun fasteignar.

2.20 Tónahvarf 6i, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Hákonar Óttarssonar, f.h. Bergmann & Co. ehf., kt. 511104-2970, dags. 19.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Tónahvarfi 6i, Kópavogi. Fasteignanr.: 2362920.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.05.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3 Umsagnir

Garðabær

3.1 Garðatorg 4b - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.05.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Brunch ehf., kt. 691015-0170, þar sem sótt er um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Brunch ehf., Garðatorgi 4b, Garðabæ.

Afgreiðsla umsagnar frestað.

Hafnarfjörður

3.2 Dalshraun 13, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.05.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn FoodCo hf., kt. 660302-2630, þar sem sótt er um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir veitingahús í fl. II, fyrir FoodCo hf, Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 27.08.2018.

3.3 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttakið dags. 05.05.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn JM-Veitinga ehf., kt. 540709-0330, þar sem sótt er um breytingu á rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. III, fyrir Ölhúsið, Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 02.09.2009.

Kópavogur

3.4 Borgarholtsbraut 19, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.05.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kársnes ehf., kt. 560119-2830, þar sem sótt er um tímabundið áfengisleyfi í Brauðkaup, Borgarholtsbraut 19 á 17.júní 2020 frá kl. 12.00 – 22.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

The bottom right of the page contains several handwritten signatures and initials in black ink. There are three distinct signatures, one of which appears to be 'SAG' written vertically. The handwriting is cursive and somewhat stylized.

3.5 Engihjalli 8, Kópavogur - veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu mótttekið dags. 12.05.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir 50 kall ehf., kt. 440320-0820, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Matarhjallann, Engihjalla 8, Kópavogi.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 27.04.2020.

4 Tóbaksleyfi

4.1 Hagkaup, Garðabær – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Hagkaup., kt. 430698-3549, dags. 18.05.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Hagkaup, Litlatúni 1-3, Garðabæ.

Með vísan í lög nr.28/1998 er tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

5 Annað

5.1 Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði

Lagt fram til kynningar Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði, skammtímaráðstafanir til að draga úr loftmengun.

Í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr.787/1999 um loftgæði skulu heilbrigðisnefndir semja aðgerðaáætlanir sem gilda skulu um skammtímaráðstafanir sem fylgja skal ef hætt er á að farið verði yfir umhverfismörk og /eða viðmiðunarmörk og til að draga úr þeirri hættu sem slík atvik skapa og stytta tímann sem þau vara.

Samþykkt að senda Viðbragðsáætlunina til kynningar í bæjarfélögum sem standa að heilbrigðiseftirlitinu og óskað eftir umsögnum og athugasemdum við áætlunina.


5.2 Rannsókn á áhrifum flæðigryfja á lífríkið við Straumsvík

Lagðar fram til kynningar skýrslur frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands um könnun á ólífraenum snefilefnum og aromatískum fjölhringjasamböndum (PAH) í kræklingi við álverið í Straumsvík, könnun á efnabáttum í sjó við Straumsvík og könnun á efnabáttum í seti við Straumsvík, en rannsóknirnar fóru fram sumarið og haustið 2018. Rannsóknirnar eru gerðar í samræmi við vöktunaráætlun ISAL.


5.3 Umsögn um undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, þar sem óskað er undanþágu frá 6. mgr. 49. gr. reglugerðar nr.941/2002 um hollustuhætti þar sem kveðið er á um að aðgerðarrými fótaaðgerðarstofu skuli vera handlaug, vaskur til að þrifa áhöld og gott aðgengi að skolvaski.


Heilbrigðisnefnd tekur undir umsögn heilbrigðiseftirlitsins um að ekki séu forsendur til þess að gefa undanþágu frá kröfu um handlaugar í aðgerðarrými fótaaðgerðarstofu. Engin haldbær rök eru fyrir því að starfsemi stofunnar sé með þeim hætti að gera þurfi minni kröfur um smitvarnir



en almennt er gert í sambærilegum stofum. Mikil þörf er á að gæta vel að sýkinga- og smitvörnum þar sem húð er rofin.




Jón Haukur Ingvason



Sigurður Grétarsson

Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Elínbjörg Ingólfssdóttir



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

427. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 18.05.2020, kl.13:00, á skrifstofu SORPU bs. Gylfaglöt 5 og í fjarfundi Microsoft Teams.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 4 var Birgir Björn Sigurjónsson sem fulltrúi fjármálahóps.

Tekið fyrir:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra og yfirlit fjármála
Framkvæmdastjóri fer yfir skýrslu framkvæmdastjóra. Skrifstofustjóri kynnir drög að 3ja mánaða rekstraruppgjöri. Málið rætt.
2. Staðan vegna lyktarkvartana í Mosfellsbæ, af fundi með íbúasamtökum 11. maí
Framkvæmdastjóri fer yfir málið. Stjórn tekur undir með framkvæmdastjóra um mikilvægi þess að gripið verði til aðgerða til að draga úr lyktarmengun.
3. Nýjar hugmyndir að verða til í svæðisáætlun
Framkvæmdastjóri fer yfir málið. Málið rætt.
4. Fjárhagsleg endurskipulagning
Birgir Björn fer yfir verkefnastöðu fjármálateymis og hugmyndir. Málið rætt
5. Staða hagræðingaraðgerða
Framkvæmdastjóri kynnir stöðu hagræðingaraðgerða.
6. Drög að starfsáætlun stjórnar kynnt - útfærsla sjálfsmats stjórnar kynnt
7. Staða fjárfestingaverkefna og fyrirhuguð vígsla GAJA 16. júní
Framvinduskýrsla vegna stækkunar í móttöku- og flokkunarstöð lögð fram.
8. Önnur mál
Skýrsla um grænt bókhald 2019 fyrir SORPU hefur verið samþykkt af stjórn. Skýrsla lögð fram.
9. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 29. maí kl. 12:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 15:23



Lif Magnúsdóttir Fyrirgefðu innanganginn Samþykkt. Bestu kvæðun, lif.	Re: SORPA bs. - fundargerð v. 427. fundar spjornar til samþykkis ... þri. 25.5.2020 16:29
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Samþykkt. Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.	RE: SORPA bs. - fundargerð v. 427. fundar spjornar til samþykkis ... mán. 25.5.2020 12:16
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	SV: SORPA bs. - fundargerð v. 427. fundar spjornar til samþykkis ... mán. 25.5.2020 11:12
Bjarni Torfi Álfþórsson Samþykkt bkv Bjarni Torfi	Re: SORPA bs. - fundargerð v. 427. fundar spjornar til samþykkis ... mán. 25.5.2020 09:09
Jóna Samundsdóttir Samþykkt	SV: SORPA bs. - fundargerð v. 427. fundar spjornar til samþykkis ... þri. 19.5.2020 20:56
Birkir Jón Jónsson Sæli og blessuð Samþykkt Áveðja goð, Birkir Jón	SV: SORPA bs. - fundargerð v. 427. fundar spjornar til samþykkis ... þri. 19.5.2020 17:35

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

322. fundur

Fimmtudaginn 30. apríl 2020 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fengler (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Tillaga að leiðakerfi frá 4. maí 2020.
2. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Tillaga að leiðakerfi frá 4. maí 2020.

Fyrir fundinum lágu tillögur frá vinnuhóp um færslu leiðakerfis í fyrra horf. Framkvæmdastjóri fór yfir samskipti við heilbrigðisráðuneytið varðandi undanþágubeiðni Strætó varðandi 2 metra regluna. Samþykkt var tillaga framkvæmdastjóra um að frá 4. maí yrði tíðnin aukin á leið 1 á annatímum. Leiðin mun þá aka á 15 mín fresti milli klukkan 06:35-08:35 á morgnana og 15:12-17:12 síðdegis. Áfram verður staðan metin á hverjum degi og aukavagnar settir inn eftir þörfum.

2. Önnur mál.

- a. Stjórnarformaður upplýsti að fyrirhugaður væri fundur með stýrihóp Borgarlínuverkefnisins þar sem ræða ætti samvinnu Strætó og Borgarlínunnar.

Fundi slitið: kl. 11:30

Fylgiskjöl: Tillögur að breytingum.

Björg Fengler

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

323. fundur

Föstudaginn 8. maí 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. í ráðhúsi Garðabæjar og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fengler (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

Dagskrá fundar:

1. Covid-19 staðan.
2. Þriggja mánaða uppgjör.
3. Greiðslukerfið staðan.
4. Eigendastefna.
5. Árskýrsla 2019.
6. Ársfundur Strætó.
7. Fargjaldstefnan – næstu skref.
8. Önnur mál.
 - a. Fyrirspurn frá flokki fólksins varðandi samtengingu gjaldskrá í akstursþjónustu og í almenningssvagna.
 - b. Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósílistaflokksins varðandi framlengingu á tímabilskortum í ljósi heimsfaraldursins.
 - c. Akstursþjónustan – staðan.
 - d. Erindi frá Neytendasamtökunum.

Tekið fyrir:

1. Stöðumat vegna COVID-19

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, fór yfir stöðuna og áhrif Covid-19 á reksturinn. Samkvæmt talningum fækkað farþegum um 67% og farþegtekjur eru um 130 milljónum lægri í apríl en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir undanþágu frá 2 metra reglunni sem heilbrigðisráðuneytið veitti Strætó og því er unnt að miða hámarksfjölda í vögnunum nú við 30. Verið að skoða hvort hægt sé að stúka af vagnstjórana þannig hægt verði að opna framhurðina á ný. Rætt um skólahópa barna á grunnskólaaldri í Strætó á tímum aðgangstakmarkanna. Almannaþingin óskuðu eftir afstöðu heilbrigðisráðuneytisins um hvort grunnskólabörn teldust með í 30 einstaklinga fjöldatakmörkuninni í Strætó. Niðurstaða ráðuneytisins er sú að grunnskólahópar mega vera til viðbótar við hámarksfjöldann 30, að öðru leyti gilda reglur Strætó um skólahópa.

2. Árshlutauppgjör 31.03.2020

Framkvæmdastjóri Strætó lagði fram og kynnti þriggja mánaða uppgjör félagsins frá 31. mars 2020. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Uppgjórið fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins er verra en áætlanir gerðu ráð fyrir, sem skýrist að mestu af lægri tekjum.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta uppgjórið með undirritun sinni.

3. Greiðslukerfið

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, fór yfir stöðuna á innleiðingunni á rafræna greiðslukerfinu, sem hefur hlotið nafnið Klappið. Tafir hafa orðið vegna heimsfaraldursins og gengislækkun íslensku krónunnar hefur haft þau áhrif að verkið hefur hækkað um 10%.

4. Eigendastefna

Björg Fenger, stjórnarformaður Strætó, fór yfir stöðuna varðandi útvistunarhlutfall, rekstrarform byggðarsamlaganna og rekstrarmál almenningsamganga á höfuðborgarsvæðinu en stjórn Strætó hefur að undanfögnu rætt framangreind mál í tengslum við stefnumótun sína og framvindu Borgarlínuverkefnisins. Stjórnarformanni falið að óska eftir eigendafundi til að ræða útvistar- og rekstrarmál er snúa að almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Skipunartíma og rekstrarform byggðasamлага hefur verið komið í annan farveg á vegum SSH.

5. Árskýrsla Strætó 2019

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, lagði fram ársskýrslu Strætó fyrir árið 2019. Skýrslan verður birt á heimasíðu Strætó síðar í dag.

6. Ársfundur Strætó 2019

Umræður um ársfund Strætó fyrir árið 2019, samþykkt að fresta honum til haustsins 2020 í ljósi aðstæðna.

7. Gjaldskrárstefna Strætó

Lögð fram drög að erindi til sveitarstjórna sem standa að Strætó. Í erindinu er drög af nýrri gjaldskrárstefnu kynnt og óskaði eftir umsögnum um þau.

8. Önnur mál.

- a. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að árskort verði tekið upp í ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og að það gildi í Strætó líka. Stjórn vísar erindinu til stjórn akstursþjónustunnar og til félagsmálastjóra sveitarfélganna.
- b. Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíslistaflokksins um framlengingu tímabils korta vegna heimsfaraldursins. Framkvæmdastjóra falið að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- c. Akstursþjónustan staðan. Tilboð voru opnuð 7. maí og bárust 6 tilboð. Næstu skref eru yfirferð á gögnum.
- d. Lagt fram erindi frá Neytendasamtökunum varðandi þjónustu Strætó. Framkvæmdastjóra falið að svara í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið: kl. 12:35

Fylgiskjöl: Stöðumat vegna Covid 19, Árshlutareikningur 31.3.2020, Ársskýrsla Strætó 2019, Kynning um stöðu greiðslukerfisins.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
23. eigendafundar Strætó bs.
Molinn, Hábraut 2, Kópavogi
Mánudaginn 25. maí 2020, kl. 11:15

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg, með fjarfundabúnaði
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogs
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði
Hjálmar Sveinsson, Reykjavík
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi.

Enn fremur sátu fundinn Hrafnkell Á. Proppé, verkefnastjóri Borgarlínu, Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Hildigunnur Hafsteinsdóttir frá SSH og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1) Umræður um rekstur almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu

Í samkomulagi við ríkið frá 26.september 2019 varðandi rekstur almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sé horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu. Stofnaður verður hópur sem vinna mun að uppfærðri rekstraráætlun og skal áætlunin liggja fyrir í síðasta lagi haustið 2020 ásamt nauðsynlegum tímaáætlunum.

Umræður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er að stofna hóp sem vinna mun að uppfærðri rekstraráætlun og tímaáætlun. Nánari tilhögun og skilgreiningu á vinnu hópsins er vísað til stjórnar SSH sem taka mun málið fyrir á fundi stjórnar 8.júní n.k. Er framkvæmdastjóra SSH falið að vinna að drögum að erindisbréfi hópsins.

Fleira ekki gert - fundi slitið kl. 12:10.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.



Stjórn SSH 495. fundur

Mánudaginn 27. apríl 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

1. Covid-19 / málsnr. 2003006

a) Áherslur SSH og aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna efnahagslegra áhrifa Covid-19

Rætt um minnisblað SSH til fjármála- og efnahagsráðherra og viðbrögð við því, aðkomu ríkisins vegna Covid-19 og þær aðgerðir sem hafa verið boðaðar. Rætt um þörf á frekari greiningum á áhrifum, einnig með hliðsjón af því að um langtímaáhrif kunni að verða að ræða. Lögfræðingur SSH fór yfir minnisblað um aðgerðir ríkisstjórna á Norðurlöndum í þágu sveitarfélaga.

Niðurstaða fundar:

Fyrirhugað að landshlutasamtökin og Samband íslenskra sveitarfélaga fundi nk. miðvikudag um þetta mál. Ákveðið að biða niðurstöðu þess fundar.

b) Tekjutap sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla m.a. vegna niðurfellinga skólajalda

Lögfræðingur SSH fór yfir minnisblað sem unnið var vegna þessa og þær tillögur sem þar koma fram.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að vinna skoðunina áfram og skoða innan hvers sveitarfélags fyrir sig. Frekari umræðu frestað til næsta fundar. Vísað til lögfræðings SSH til frekari vinnslu en málið verður tekið fyrir aftur á fundi stjórnar 4. maí nk.

2. Samgöngusáttmálinn/ málsnr. 2003010

Framkvæmdastjóri SSH fer yfir stöðu mála. Fyrir liggja endanleg drög að frumvarpi til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sem áætlað er að lögð verði fyrir Alþingi á næstunni. Lagt fram minnisblað og drög að áætluðu greiðsluflæði sveitarfélaganna vegna Samgöngusáttmálans. Ráðgert er að fullgera greiðsluflæðið í samráði við Vegagerðina á næstu dögum og verður greiðsluflæðið lagt endanlega fyrir á næsta fundi stjórnar 4. maí nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15.



Stjórn SSH 496. fundur

Mánudaginn 4. maí 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Gestir fundarins undir þessum lið eru Bryndís Friðriksdóttir frá Vegagerðinni og Hrafnkell Á. Proppé verkefnastjóri Borgarlínu.

Framkvæmdastjóri SSH fer yfir skýrslu KPMG, mánaðarskýrslu Borgarlínu. Hrafnkell Á. Proppé, verkefnastjóri Borgarlínu, kynnir minnisblað um stöðu einstakra verkefna. Þá eru lagðar fram fundargerðir framkvæmdastjórnar Borgarlínu til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Mánaðarskýrsla KPMG og minnisblað verkefnastjóra Borgarlínu lögð fram og kynnt.

Fundargerðir framkvæmdastjórnar Borgarlínu lagður fram til kynningar.

2. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Framhald frá 495. fundi.

Drög að frumvarpi til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu lögð fram til kynningar en fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur unnið að gerð frumvarpsins í samráði við SSH og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Frumvarpið er nú í þinglegri meðferð.

Gestir fundarins undir þessum lið eru Bryndís Friðriksdóttir frá Vegagerðinni og Hrafnkell Á. Proppé verkefnastjóri Borgarlínu. Bryndís Friðriksdóttir kynnir áætlanir samkvæmt Samgöngusáttmála.

Umræður.

Framkvæmdastjóri SSH kynnir áætlað greiðsluflæði sveitarfélaganna vegna Samgöngusáttmála á árinu 2020 ásamt minnisblaði. Reykjavík og Kópavogur greiða framlög sín m.v. 2019 og 2020



á árinu 2020. Önnur sveitarfélög sem koma að Samgöngusáttmálanum greiða framlög m.v. 2020 á árinu 2020 og framlag ársins 2019 á árinu 2021.

Fyrir liggur að formgera samgöngusáttmálann endanlega m.a. með stofnun félagsins um framkvæmdir samgöngusáttmálans. Þar sem sveitarfélögin munu byrja nú þegar að greiða skv. samningnum er m.a. mikilvægt að halda vel utan um verkefnið og hafa breiða yfirsýn yfir þær framkvæmdir sem nú eru í gangi og fara munu í gang á næstunni skv. framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans. Er því lagt til að fjölga í stýrihópi um undirbúning Borgarlínu, en verkefnastofa Borgarlínu annast undirbúning verkefnisins fram að stofnun félagsins skv. sáttmálanum.

Gert er ráð fyrir því að framlög sveitarfélaganna skv. samningi Vegagerðinnar og SSH frá 20. júní 2019 um undirbúning Borgarlínu verði nú hluti af framlagi þeirra enda sá samningurinn hluti af Samgöngusáttmálanum skv. c lið 3 gr. Samgöngusáttmálans.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að varaformaður stjórnar SSH taki sæti í stýrihópi um Borgarlínu.

Stjórn samþykkir að senda drög að greiðsluflæði frá aðildarsveitarfélögum til samgöngusáttmálans til aðildarsveitarfélaga SSH til kynningar.

Framkvæmdastjóra SSH er falið að útfæra greiðsluflæðið frekar ef þörf verður á í samráði við Vegagerðina og stýrihóp um undirbúning Borgarlínu ásamt fjárhagslegri umsýslu um verkefnið.

3. Covid-19 / málsnr. 2003006

Framhald umræðu frá 495. fundi. Fyrir liggur minnisblað frá SSH dags. 24. apríl 2020 um málefni sjálfstætt starfandi skóla og tillögur að útfærslu.

Umræður um stöðu sjálfstætt starfandi leikskóla og tekjutap þeirra vegna skertrar gjalddtóku frá foreldrum.

Umræða um þróun mála er varðar fjárhagsmálefni sveitarfélaganna í ljósi Covid-19. Lagt til að gerð verði greining á fjárhagsáhrifum Covid-19 á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofa SSH skoðar áfram stöðu sjálfstætt starfandi leikskóla og boðar til fundar Skólamálanefndar til að fá fram frekari upplýsingar frá einstökum sveitarfélögum.

Þá er samþykkt að framkvæma fjárhagsgreiningu um áhrif Covid-19 á fjárhag sveitarfélaganna með utanaðkomandi aðila. Er framkvæmdastjóra falið að undirbúa og skilgreina slíka greiningu og leggja fyrir stjórn. Kostnaði vegna greiningarinnar verði skipt milli sveitarfélaganna út frá fjölda íbúa.



4. Fjárhagsáætlun 2020 / málsnr. 1910010

Fyrir liggur tölvupóstur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti dags. 28. apríl þess efnis að áætlaðar mánaðargreiðslur til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti lækki um 12,5%. Þá ríkir mikil óvissa um áætlaðar tekjur jöfnunarsjóðs á árinu 2020 og mun sjóðurinn leggja fram nýja greiðsluáætlun fyrir framlög úr sjóðnum.

Ljóst að tekjusamdráttur hjá Jöfnunarsjóði mun hafa áhrif á framlög sjóðsins til landshlutasamtaka. Sú skerðing liggur ekki fyrir nú og því ekki ljóst hve mikil áhrifin verða á fjárhag SSH.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram og kynnt.

5. Sóknaráætlun 2020-2025 / málsnr. 1906002

Fyrir liggur afrit á tölvupósti frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 20. apríl um aukafjárframlög vegna sóknaráætlana landshlutasamtaka. Höfuðborgarsvæðið er undanskilið þessum aukafjárframlögum. Framkvæmdastjóri SSH hefur farið fram á rökstuðning vegna þessa hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að framkvæmdastjóri SSH sendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra erindi þar sem farið er fram á endurskoðun þessarar ákvörðunar. Verði í því samhengi m.a. vísað til erinda SSH til ráðherrans frá 10. október 2019 og 11. desember 2019.

6. Sundabraut / málsnr. 1908005

Fyrir liggur bréf Vegagerðarinnar dags. 29. apríl þar sem fram kemur beiðni um tilnefningu fulltrúa SSH í starfshóp um greiningu á þeim valkostum sem eftir standa við þverun Kleppsvíkur, þ.e. lágbrú og jarðgöng. Gerð tillaga um tilnefningu Jóns Kjartans Ágústssonar, svæðisskipulagsstjóra og til vara Hrafnkels Á. Proppé.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt að tilnefna Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóra í starfshópinn og til vara Hrafnkell Á. Proppé verkefnastjóra Borgarlínu.

7. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1911002

Gestir fundarins undir þessum lið eru ráðgjafar Strategíu, Guðrún Ragnarsdóttir og Helga Hlín Hákonardóttir.

Helga Hlín Hákonardóttir kynnir stöðu verkefnisins og næstu skref. Fyrirhugaður er fundur um verkefnið nk. föstudag, 8. maí kl. 13:30, þar sem unnið verður áfram að útfærslu við fyrirkomulag



stjórnsýslu og rekstur byggðarsamlaganna. Áætlað er að kynna endanlegar tillögur fyrir kjörnum fulltrúum á fundi um miðjan maí.

Niðurstaða fundar:

Verkefninu haldið áfram samkvæmt áætlun og verður tekið aftur til umræðu á næsta fundi stjórnar SSH. Stjórn felur framkvæmdastjóra að boða til fjarfundar með öllum borgar- og bæjarfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu föstudaginn 8. maí kl. 13:30.

8. Fundargerð stjórnar Strætó bs. – fundur 321

Fundargerð 321. fundar stjórnar Strætó bs. hinn 17. apríl sl. ásamt fylgigögnum lögð fram til kynningar.

9. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundur 425

Fundargerð 425. fundar stjórnar Sorpu hinn 30. mars sl. lögð fram til kynningar ásamt ársreikningi 2019.

10. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – fundur 881

Fundargerð 881. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 24. apríl sl. lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga – fundur 556

Fundargerð 556. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hinn 3. apríl sl. lögð fram til kynningar.

12. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra – fundur 54

Fundargerð 54. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hinn 7. apríl sl. lögð fram til kynningar.

13. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál – fundur 61

Fundargerð 51. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál hinn 6. apríl sl. lögð fram til kynningar.

14. Áskorun Samtaka um betri byggð

Áskorun Samtaka um betri byggð til borgaryfirvalda í Reykjavík um að bornir verði saman skipulagskostir í vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur lögð fram til kynningar. Vísað til verkefnastofu Borgarlínu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:55.



Stjórn SSH 497. fundur

Mánudaginn 18. maí 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Gestur fundarins undir þessum lið er Helga Hlín Hákonardóttir, ráðgjafi Strategíu. Helga Hlín kynnir drög að skýrslu Strategíu, um skipulag og stjórnunarhætti byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu. Umræður um tímaramma og umfang verkefnisins.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að stjórnarmenn kynni sér drögin frekar en ráðgjafar Strategíu munu mæta á fund stjórnar síðar til að fjalla frekar um efnið og þau drög sem liggja fyrir.

2. Covid-19 / málsnr. 2003006

a) Staða sjálfstætt starfandi skóla og tekjuskerðing þeirra vegna lægri gjaldtöku af foreldrum. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH, kynnir minnisblað og greinargerð skólamálanefndar SSH.

Niðurstaða fundar:

Verður tekið til nánari skoðunar hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig og á grundvelli þess kannað hvort mótuð verði sameiginlega afstaða sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

b) Staða íþróttafélaganna og tekjuskerðing vegna Covid-19 áhrifa. Ekki enn ljóst hvert tekjutap íþróttafélaga verður, með tilliti til t.a.m. æfingagjalda, framlaga frá styrktaraðilum, viðburðir sem hafa fallið niður, skertar tekjur vegna leigu á sölum og aðstöðu, o.s.frv.

c) Átaksverkefni um að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH, kynnir minnisblað með tölfræði yfir þau störf sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fengu úthlutað auk rökstuðnings verkefnahóps fyrir skiptingu úthlutunar.

3. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010



Skrifstofa SSH hefur fengið frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu til umsagnar. Umsagnarfrestur rennur út hinn 22. maí nk. Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH kynnir þau álitæfni sem uppi eru sér í lagi varðandi ábyrgð á mannvirkjum sem tengjast framkvæmdaáætlun samgöngusáttmálans og reksturs þeirra.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að ljúka umsögn um málið.

4. Umsagnir þingmála / málsnr. 1910005

- a) Skrifstofa SSH hefur fengið frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, með síðari breytingum, til umsagnar. Umsagnarfrestur rennur út hinn 19. maí nk. Jafnframt liggur fyrir jákvæð umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

Niðurstaða fundar:

Sjónarmið um sérstök áhrif þessa frumvarps á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Skrifstofa SSH mun vinna þetta mál áfram og e.t.v. með samráði við Veitur eða aðra aðila innan sveitarfélaganna sem hafa skoðað þetta frekar.

- b) Skrifstofa SSH hefur fengið frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir til umsagnar. Umsagnarfrestur rennur út hinn 22. maí nk.

5. Önnur mál

Ákveðið að halda eigendafund Strætó bs. mánudaginn 25. maí nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40.



Fundargerð

93. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 08. maí 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi og á fjarfundi

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Karen María Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

Marianna Hugrún Helgadóttir

Magnús Ingi Kristmannsson

Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Kynning: Ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið/málsnr. 1708001

Árni Freyr Stefánsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti kynnir niðurstöður ferðavenjukönnunar sem var framkvæmd 2019. Einnig lagt fram minnisblað SSH um ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið dags. 16.03.2020

Sigurður Guðmundsson vék af fundi klukkan 13:57, áður en kynningu lauk.

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar:

Á árabílinu frá 2016 til og með 2019 hefur hagvöxtur á Íslandi dregist umtalsvert saman og er það sama tímabil og þessi kynning og rannsókn tekur til. Ekki er fyrir séð hver hagvöxturinn verður næstu ár en hugsanlegt er að hann verði lægri. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2016 mældist hagvöxtur á Íslandi um 6,6%, árið 2017 um 4,6% 2018 3,8% og árið 2019 um 1,9%. Á sama tíma mældist atvinnuleysið á bílinu 2,6% til um 4%. Það er vel þekkt að samhliða auknum hagvexti og almennri velmegun eykst almenn bílaeign. Í kynningu á fundinum og í minnisblaði frá svæðisskipulagsstjóra Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) til framkvæmdastjóra SSH, sem liggur fyrir fundinum undir þessum dagskrárlíð, er áréttað í 7. lið að: „Spurningakönnunin dragi

fram að lægstu tekjuhópar, fólk án atvinnu og námsmenn eru helstu notendur strætó. Þetta eru einnig hópar sem eru líklegastir til að fara ferða sinna gangandi". Þetta er rétt ályktað. Því og þess vegna er afar mikilvægt að tilgreina í könnun sem þessari hagstærðir og hvernig efnahagsástandið hefur þróast yfir þann tíma sem mælingar og rannsóknir sem þessar spanna. Það er þekkt að samhengi er á milli þróunar í efnahag fólks og á þannig velferð almennings annar vegar og val fólks á samgöngumáta hins vegar.

2. **Kynning: Stofnhjólánet á höfuðborgarsvæðinu/málsnr. 2003001**
Bryndís Friðriksdóttir og Katrín Halldórsdóttir kynna tillögur hjólahóps, Vegagerðar og SSH að stofnstíganeti hjólréiða fyrir höfuðborgarsvæðið. Um er að ræða eru samstarfsverkefni sem er hluti af framfylgd Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 og samkomulags um samstarf SSH og Vegagerðar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu dags. 17. apríl 2015.
3. **Tillaga að stofnhjólástíganeti á höfuðborgarsvæðinu/málsnr. 2003001**
Lagt fram minnisblað EFLU, Stofnleiðir hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu, dags. 21.04.2020 og viðaukar: Viðauki A Fundargerðir samráðshóps; Viðauki B Stofnleiðanet 2020-2033 (6 yfirlitskort); Viðauki C Forgangsroðun yfirlitskort; Viðauki D Verkefnalisti og kostnaðarmat.

Afgreiðsla

Samþykkt með tíu atkvæðum fulltrúa svæðisskipulagsnefndar að vísa minnisblaði EFLU og fylgiskjölum dags. 17.04.2020 til stjórnar SSH. Marianna Huguín Helgadóttir og Magnús Ingi Kristmannsson sitja hjá.

4. **Hjólahópur SSH: erindisbréf Vegagerðar/málsnr. 2003001**
Lagt fram erindisbréf Vegagerðar dags. 10.02.2020 þar sem óskað er eftir að sveitarfélög staðfesti þátttöku sína og tilnefni fulltrúa í hjólahóp SSH.

Afgreiðsla

Samþykkt með tíu atkvæðum fulltrúa svæðisskipulagsnefndar að vísa erindisbréfi Vegagerðar dags. 10.02.2020 til stjórnar SSH. Marianna Huguín Helgadóttir og Magnús Ingi Kristmannsson sitja hjá.

5. **Aðalskipulag Hafnafjarðar: Hraun vestur /málsnr. 2003002**
Lögð fram skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Hfj. 2013 – 2025. Breytingin nær til 10 ha reits í Hraunum – vestur, sem afmarkast af Flatahrauni, Hjallahrauni, Reykjavíkurvegi og athafnasvæði AT1 að vestanverðu. Reiturinn er merktur sem ÍB2 í aðalskipulagi.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við lýsingu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna, í töflu 2, sem sveitarfélög skulu útfæra nánari í aðalskipulagi.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins í maí 2018 en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir m.a. að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu, blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

Bent er á innsláttarvillu í kaffa 3.3.1. í greinargerðar lýsingar þar sem segir að svæðisskipulagsbreyting sé enn í auglýsingu en hún var samþykkt 2018.

6. **Aðalskipulag Kópavogs: Fannborgarreitur og Traðarreitur vestur/málsnr. 1912005**
Lögð fram vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024. Í breytingunni felst þróun á Fannborgarreit og Traðarreitur-vestur, fyrir þéttingu byggðar. Skipulagsráð Kópavogs

samþykkti að tillagan yrði kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Afgreiðsla

Frestað

7. Rvk. Kringlan: skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags /málsnr. 2005002

Lögð fram lýsing að deiliskipulagi fyrir Kringluna sem skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur samþykkti til kynningar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsingu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánari í aðalskipulagi.

Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir jafnframt að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé líðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

8. Umsögn skipulagsstjóra um tillögur átakshóps um húsnæðismál /málsnr. 2003007

Lögð fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 08.05.2020 um tillögur starfshóps umhverfis- og auðlindaráðherra um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði

Afgreiðsla

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 08.05.2020.

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar:

Fulltrúi Miðflokksins getur ekki, með fullri virðingu fyrir efni málsins, tekið undir eftirfarandi sem fram kemur í umsögn þeirri sem er undir þessum dagskrárlið. Þar stendur: „Hryggjarstykkið í stefnunni er nýtt hógæða almenningsamgöngukerfi (Borgarlína) sem tengir kjarna sveitarfélaganna og flytur farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið.“ Hryggjarstykkið í stefnunni er gott samgöngunet almennt sem inniheldur skilvirkar almenningsamgöngur, Sundabraut og önnur samgöngumannvirki sem mikilvægt er að ljúka við til að flæði umferðar sé skilvirkt og umferð öruggt. Þróun hagkerfa og almenn velsæld þjóða byggist á greiðum samgöngum þar sem öryggi er ávallt haft í fyrirrúmi. Annað í umsögn svæðisskipulagsstjóra er gott innlegg um það efni sem dagskrárliðurinn gengur út á.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10

Sigurborg 10sk Hanaþóroff
S.O.H.

3/3
11.5.2020
Jón Kjartan Jónsson

Akstursþjónusta eldri borgara í Garðabæ

Gjaldskrá

1.gr

Upphæð gjalds

Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu eldri borgara er eins og almennt strætisvagnafargjald eins og það er hverju sinni.- Ferð er skilgreind í gjaldskrá þessari sem akstur á milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

2. gr.

Fylgdarmaður/Gestur

Sé þörf fyrir fylgdarmann með ferðarþjónustu Strætó bs. er ekki innheimt gjald fyrir hann. Sé um að ræða gest sem nýtir þjónustuna innheimtir akstursaðili sama gjald fyrir hann og þann sem þjónustunnar nýtur. Gildir ekki í ferðir ef akstur er með leigubíl.

3. gr.

Gjaldskylda ónýttar þjónustu

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður en í undantekningartilvikum þremur klukkustundum fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

4. gr.

Innheimta gjalds

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðarmót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

5. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á fund bæjarráðs Garðabæjar xx.xx.xxxx tekur gildi frá og með xx.xx.xxxx..

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar

Tillaga Garðabæjarlistans um bætt öryggi fyrir gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarendur.

Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn samþykkir að fela tækni- og umhverfissviði að fara í úrbætur á fjölförnustu leiðum sveitarfélagsins til að auka öryggi gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarenda. Útivist á göngu- og hjólastígum er í aukningu sem er jákvæð þróun sem ber að styðja.

Greinargerð

Að tryggja umferðaröryggi gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarenda er sennilega aldrei mikilvægara en nú. Að undanfögnu hefur sala reiðhjóna sem og rafhlaupahjóna stórauðist. Enn fleiri nýta hjólréiðar sem sinn aðal samgöngumáta. Því þyngist álag á göngu- og hjólréiðastígum sem og vegum almennt. Því er mikilvægt að tryggja fyllsta öryggis, ganga úr skugga um að merkingar séu á stígum með áberandi hætti og sundurgreina stíga eins og kostur er.

Garðabæjarlistinn leggur til að í almennum framkvæmdum á stígum verði sett í forgang að tryggja öryggi í **undirgöngum undir Hafnarfjarðarvegi** með uppsetningu spegla. Þessi leið er með einn þyngsta álagspunkt þar sem hjólréiða, hlaupa- og göngufólk fer um.

Leiðir eins og hin svo kallaða flóttamannaleið er fjölfarin hjólréiðaleið en þarfnast mikillar lagfæringar til að standa undir öryggi þeirra sem þar fara um.

Farið verði í viðgerðir á **Elliðavatnsvegi. Annars vegar flóttamannaleiðin sem tilheyrir Garðabæ og hins vegar Vatnsendavegi**

Hér er um vinsælar og fjölfarnar leiðir sem hjólréiðafólk nýtir sér. Vegurinn er illa farinn þar sem hann er mjög holóttur, hæðóttur og með sprungum á köflum sem eykur hættu á slysum til muna.

Eins og okkur er öllum kunnugt um þá hafa Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í samstarfi við Vegagerðina skilgreint lykilleiðir hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu. Lykilleiðirnar sem einnig eru kallaðar stofnleiðir, aðalleiðir eða hraðleiðir hafa það markmið að fjölga hjólréiðafólki og bæta þjónustu við hjólréiðafólk með sópun á sumrin og snjómokstri og hálkuvörn að vetri til. Lykilleiðir hjólréiða eru táknaðar með litum og eru merktar með hjólavegvísunum til að hjálpa hjólréiðafólki, íbúum og gestum að velja góða stíga á ferð sinni um höfuðborgina (Reykjavíkurborg, 2018a).

Vakin er sérstök athygli á því að Elliðavatnsvegur er stofnstígur samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar og á að vera malbikaður og grænn stígur þ.e. samfelldur göngu- og hjólastígur sem liggur eftir græna treflinum sem tengir öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu saman.

Ennfremur leggjum við til að umferðaröryggi gangandi og hjólandi verði bætt yfir gatnamótin við Urriðaholt og yfir Reykjanesbrautina þar fara börn og ungmenni daglega um til að sækja m.a. æfingar og aðra ástundun og eykst umferð barna og ungmenna sérstaklega yfir sumartímann.

Tillaga Garðabæjarlistans um endurskoðun fjölda fastanefnda, annarra nefnda, stjórnna og ráða sem bærinn á aðild að.

Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn samþykkir að taka til endurskoðunar fjölda fastanefnda, annarra nefnda, stjórnna og ráða sem skipaðar eru af bæjarstjórn. Skipaður verði starfshópur með sviðsstjórum og fulltrúum minni- og meirihluta. Starfshópnum er falið að skila af sér endurmati og niðurstöðu í desember 2020. Nefndin starfi frá 1. ágúst - 31. nóvember 2020.

Greinargerð

Við í Garðabæjarlistanum tölum fyrir gangsaerri og skilvirkari í stjórnsýslu með það að markmiði að einfalda alla stjórnsýslu eins og kostur er en ekki síður til þess að styrkja vinnu nefnda og ráða. Endurskoðun þessi er til þess fallin að rýna samræmingarmöguleika þvert á málaflokka og sviða stjórnsýslunnar. En ein af tillögum úttektar Haraldar var meðal annars að rýna samvinnu þvert á svið í ákveðnum málaflokkum líkt og innan fjölskyldu og fræðslusviðs.

Tillaga um hækkun hvatapeninga

Flutningsmaður Ingvar Arnarson

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að hækka hvatapeninga úr 50.000 í 90.000 á barn, á aldrinum 5-18 ára.

Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir 132 milljónum í hvatapeninga og má því gera ráð fyrir að sú tala yrði 235 milljónir fyrir árið 2021.

Greinagerð

Kostnaður við þátttöku barna í íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Á þessum tímum þar sem tekjur heimila hafa að jafnaði lækkað er líklegt að börn dragi úr þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi er mikilvægt að Garðabær standi við bakið á barnafjölskyldum með hækkun hvatapeninga. Mikilvægt er að koma til móts við barnafjölskyldur og gefa börnum kost á að stunda íþrótt- og æskulýðsstarf og hvetja þau til þátttöku.

Einnig er mikilvægt er að tryggja að rekstur þeirra félaga sem bjóða upp á skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf verði áfram tryggur og með hækkun hvatapeninga er líklegar að börn og ungmenni í Garðabæ muni nota þá þjónustu sem þessi félög eru að bjóða upp á og þannig er Garðabær að styðja en frekar við rekstur þeirra félaga.